

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 25. ÁRG. 2019



LÖGFRÆÐI OG  
TÆKNIBYLTINGIN

8-11

STARFSNÁM  
LAGANEMA

12-14

FRAM OG AFTUR  
REYKJANESBRAUTINA

18-25



- |   |  |   |
|---|--|---|
| <p>4 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR<br/>Samkeppnisumhverfi<br/>lögmannna</p> <p>6 FÓLKI ÁSGEIRSSON<br/>Aldarminning um<br/>Árman Snævarr</p> <p>8 GUÐRÚN ÓLÖF OLSEN<br/>Ætlum við að fylgja nágrönnum<br/>okkar í nýjstu tæknibyltingunni?</p> <p>12 ELEONORA BERGPÓRSDÓTTIR<br/>Starfsnám laganema</p> | <p>16 ERLA S. ÁRNADÓTTIR<br/>Ríkið byggði á lögum</p> <p>19 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON<br/>Fram og aftur Reykjanesbrautina<br/>Viðtal við Vilhjálm H. Vilhjálmsson</p> <p>26 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Hlustunarpípa dómstólanna</p> <p>32 MARÍN GUÐRÚN HRAFNSDÓTTIR<br/>Margt býr í skikkjunni</p> <p>36 Af Merði lögmanni</p> | <p>38 KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR<br/>Áhrif nýrrar peningþvættis-<br/>löggjafar á störf lögmannna</p> <p>40 SARA PÁLSDÓTTIR<br/>Um rétt sakborninga til að fá<br/>upplýsingar um sakarefni áður en<br/>lögregluskýrsla fer fram</p> |
|---|--|---|

**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: lmf@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmf.is

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður  
netfang: daniel@magna.is

**Ritnefnd**  
Ari Karlsson lögmaður  
Arna Pálsdóttir lögmaður  
Ágúst Karl Karlsson lögmaður  
Eleonora Bergþórsdóttir lögmaður  
Guðrún Olsen lögmaður  
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

**Blaðamaður**  
Marín Guðrún Hrafnisdóttir

**Stjórn LMFÍ**  
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður  
Hjördís E. Harðardóttir lögmaður  
Stefán Andrew Svensson lögmaður  
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður  
Viðar Lúðvíksson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**  
Birna Hlín Káradóttir lögmaður  
Jónína Lárusdóttir lögmaður  
Grímur Sigurðarson lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Marín Guðrún Hrafnisdóttir starfsm. félagsdeildar  
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

**Forsíðumynd**  
Ljósmyndari: Marínó Flóvent Marínósson

**PRENTVINNSLA**  
Litlaprent ehf

**UMSJÓN AUGLÝSINGA**  
Páll Júlíusson, sími 861 8262



INNHEIMTUKERFI CREDITINFO

# SAMPÆTTING, SKILVIRKNI OG BETRI YFIRSÝN

## Sveigjanlegt og öflugt kerfi fyrir lögmenn

Nútímalegt og skilvirkt innheimtakerfi fyrir lögmenn sem leysir IL+ af hólmi. Kerfið er auðvelt í notkun og aðgengilegt á vefnum þannig að öll þróun og breytingar skila sér beint til notanda.

### HELSTU EIGINLEIKAR:

- Heldur utan um löginheimtu á skilvirkan hátt
- Hægt er að flytja gögn úr eldra innheimtakerfi, IL+
- Býður upp á samþættingu við aðra þjónustu Creditinfo, s.s. vanskilaskrá, eignaleit og hlutafélagaskrá

Kynntu þér innheimtakerfi Creditinfo á [creditinfo.is](https://www.creditinfo.is) og hafðu samband við ráðgjafa á [vidskiptastyring@creditinfo.is](mailto:vidskiptastyring@creditinfo.is) til að fá nánari upplýsingar.

# SAMKEPPNISUMHVERFI LÖGMANNA

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR

Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun í lögmannastéttinni en á sama tíma hafa verkefni að einhverju leyti dregist saman. Afleiðingin er sú að samkeppni meðal lögmannanna um verkefni hefur aukist og allt í einu er farið að tala um lögmenn sem samkeppnisaðila en ekki kollega. Samkeppni um þjónustu er þó ekki einvörðungu meðal lögmannanna heldur einnig frá öðrum stéttum, jafnt löglærðum sem öðrum. Endurskoðendur eru til að mynda farnir að sjá um fjárskiptasamninga á milli hjóna, útfararstofur bjóða upp á gerð erfðaskráa og kaupmála og jafnvel eru starfandi embættisdómarar farnir að selja lögfræðialit.

Eins og fram kemur í 1. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 er með orðinu lögmaður átt við hvern þann sem hefur leyfi til að flytja mál fyrir héraðsdómstólum, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands. Ýmsar skyldur er lagðar á þá sem hafa leyfi til að vera lögmenn, s.s. að hafa skrifstofu opna almenningi, hafa gilda starfsábyrgðartryggingu verði þeim á mistök í starfi og vörslufjárreikninga þar sem fé sem þeir taka við er aðskilið eigin fé. Þeim er skylt að vera félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands, sæta eftirliti þess og agavaldi úrskurðarnefndar lögmannanna. Þá ber þeim að rækja störf sín af alúð og gæta hagsmuna skjólstaðinga sinna í hvívetna. Ákvæði laganna taka þannig til þeirra sem hafa leyfi til að vera lögmenn og veita þjónustu sem slíkir og skiptir ekki máli hvort þeir sinna störfum sem einkaréttur lögmannanna nær til eða hvort um annars konar störf er að ræða. Lögmaður hefur með öðrum orðum ekki val um það hvenær hann vinnur lögfræðistörf undir lögmannstitli og hvenær ekki og gildir einu hvort t.d. um er að ræða lögmann sem starfar á undanþágu skv. 12. gr. laganna eða lögmann sem hefur opna skrifstofu. Sá sem leitar þjónustu lögmanns á að geta treyst því að lögmaður starfi í samræmi við þær skyldur sem lög um lögmenn setja honum og njóti þeirrar tryggingar sem þau kveða á um.

Að beiðni LMFÍ felldi sýslumaður niður réttindi nokkurra lögmannanna á síðastliðnu ári en félagið hafði áður hafnað beiðnum þeirra um undanþágur frá skyldum skv. 1. mgr. 12. gr. laganna á grundvelli þess að um sölu á lögfræðipjónustu til þriðja aðila væri að ræða. Dómsmálaráðuneytið hefur nú staðfest ákvörðun sýslumannsins þar um.



Með lögum nr. 70/2015 var felld burt úr lögum aldagömul heimild lögmannanna til að vera löggiltir fasteignasalar en LMFÍ barðist hatrammlega gegn því frumvarpi, enda engin sannfærandi rök fyrir brottfalli þessarar heimildar. Með sömu lögum var einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um sölu fyrirtækja hins vegar afnuminn með þeim rökum að vandséð væri að menntun og reynsla fasteignasala veitti þeim meiri sérfræðipækkingu til sölu atvinnufyrirtækja en öðrum. Nú er komið fram nýtt frumvarp þar sem ætlunin er að fella aftur undir einkarétt fasteignasala sölu félaga þar sem megineign hins selda félags er fasteign eða fasteignir. Rökin eru þau að fasteignasalar séu tilkynningaskyldir aðilar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Lögmannafélagið leggst eindregið gegn þessu frumvarpi og í umsögn laganeftar félagsins var bent á að slíkur einkaréttur skerði stjórnarskrárvarið atvinnufrelsi annarra skv. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar og takmarki samkeppni, í andstöðu við markmið 1. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá geti slík takmörkun engan veginn talist réttlætun vegna tilkynningaskyldu fasteignasala skv. peningaþvættislögum þar sem lögmenn, endurskoðendur og aðrir sérfræðingar sem selja slík félög teljast einnig til tilkynningaskyldra aðila skv. lögnum. Jafnframt sé vandséð hvernig sérfræðipækking fasteignasala nú geti verið önnur og meiri en árið 2015 þegar einkarétturinn var afnuminn. Hins vegar verði að telja að lögmenn hljóti að hafa meiri sérfræðipækkingu en fasteignasalar á ýmsum þáttum varðandi sölu slíkra félaga, þ.á.m. á atriðum varðandi skattaleg réttindi, kröfurétt, félagarétt ofl.

Lögmannafélagið er þannig í sífelldri hagsmunabaráttu fyrir því að atvinnufrelsi lögmannanna verði ekki skert með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum og gætir hagsmuna lögmannanna gagnvart öðrum samkeppnisaðilum. Í núverandi starfs- og samkeppnisumhverfi er því nauðsynlegt sem aldrei fyrr að lögmenn gæti sjálfstæðis síns og efla sína fagþekkingu. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.



## 1 SYSTEMS OneRecords

Mála- og skjalakerfi

# ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi  
sem hentar vel fyrir  
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



### Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,  
Draupnir lögmenn, Jónatansson  
lögmenn



### 1 SYSTEMS OneDrag'nDrop

Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í málakerfið á rétt mál með einni aðgerð.  
Draga skjöl á sameiginlega drifinu yfir í málakerfið með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.  
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.  
(spjaldtölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

# ALDARMINNING UM ÁRMANN SNÆVARR

FLÓKI ÁSGEIRSSON LÖGMAÐUR

Það er til marks um þau áhrif sem Ármann Snævarr hafði á samferðafólk sitt hversu margt þess lagði leið sína í Háskóla Íslands 18. september sl. til að taka þátt í hátíðarmálþingi sem efnt var til í tilefni af 100 ára afmæli hans. Málþingið ávörpuðu Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Þorgeir Örlygsson, forseti Hæstaréttar, Ármann Snævarr, dóttursonur Ármanns, Davíð Þór Björgvinsson, varaforseti Landsréttar, Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Hrefna Friðriksdóttir, prófessor

við lagadeild Háskóla Íslands og formaður stjórnar Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Málþinginu styrði Garðar Gíslason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Þótt umfjöllunarefni málþingsins hafi lotið að störfum Ármanns og verkum hans sem fræðimaður og dómari fremur en að honum sjálfum gat viðstöddum ekki dulist hin djúpstæða alúð og umhyggja Ármanns fyrir öllum



Heiðursamkoma í tilefni ártíðar Ármanns Snævarr

viðfangsefnum sínum jafnt sem samferðafólki sem einkenndi hann alla tíð og endurómaði skýrt í máli þeirra sem ávörpuðu þingið. Allir minntust þeir Ármanns ekki aðeins fyrir framlag hans til lögfræðinnar heldur jafnframt fyrir hlýhug hans til allra sem hann átti samskipti við.

Árman Snævarr var háskólamaður í sönnustu merkingu þess orðs. Að loknu laganámi við Háskóla Íslands 1944 hélt hann utan til frekara náms við háskóla í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Bandaríkjunum. Við heimkomuna tók hann til starfa við Háskóla Íslands þar sem hann starfaði sem prófessor við lagadeild skólans allt þar til hann var skipaður hæstaréttardómari 1972, auk þess sem hann gegndi embætti rektors skólans á árabílinu 1960-1969. Eftir að hann lét af embætti hæstaréttardómara árið 1984 sinnti Árman áfram stundarkennslu við lagadeild til ársins 1989 þegar hann varð sjötugur.

Ármani féll aldrei verk úr hendi og breyttist það ekki þótt hann yrði sjötugur. Það sama ár gaf nýstofnuð bókaútgáfa Orators út eftir hann ritið Almenn lögfræði. Árman hélt rannsóknum sínum áfram eftir það af sömu elju og einkenndi störf hans alla tíð. Afrakstur þeirra birtist í hinu veglega riti um Hjúskapar- og sambúðarrétt sem kom út árið 2008 á 89. aldursári hans. Árið 2009, þegar Árman varð níuræður, var Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni sett á fót við Háskóla Íslands.

Auk starfa sinna sem fræðimaður og dómari var Árman mikilvirkur í félagsstarfi. Hann átti þátt í stofnun bæði Lögfræðingafélags Íslands og Bandalags háskólamanna og var fyrsti formaður beggja félaganna. Árman kom samhliða öðrum störfum sínum jafnframt að samningu mikils fjölda lagafrumvarpa, einkum á sviði refsiréttar og sífja- og erfðaréttar, en einnig á öðrum sviðum. Hann var ötull talsmaður norrænnar lagasamvinnu og fulltrúi Íslands á þeim vettvangi um langt árabíl.

Það væri of langt mál að telja hér upp allar þær heiðursnafnbætur og viðurkenningar sem Ármani hlotnuðust á langri og farsælli starfsævi sinni. Ekki verður þó hjá því komist að lokum að nefna í því sambandi þá viðurkenningu sem mest er um vert, en það er sú virðing og væntumþykja sem Árman ávann sér hjá samferðafólki sínu hvar sem hann kom. Undirrituðum er minnisstætt að hafa fyrir nokkru átt tal við sænskan embættismann sem sagði klökkur þegar talið barst að Ármani: “Árman var en viktig mánniska för mig.” Eflaust er að margir úr hópi þeirra fjölmörgu sem kynntust Ármani á langri ævi hans geta tekið heilshugar undir þau orð.

 **Efnamóttakan hf**  
Spillum ekki framtíðinni

# Örugg eyðing trúnaðarskjala



**Við hjá Efnamóttökunni höfum langa reynslu af eyðingu trúnaðarskjala. Við höfum stórbætt aðstöðu okkar til eyðingar gagna og bjóðum upp á mjög örugga vottaða eyðingu á hagstæðu verði. Einnig bjóðum við upp á örugga söfnunarþjónustu.**

Efnamóttakan hf • Berghella 1 • 221 Hafnarfjörður  
Sími: 559-2200 • [www.efnamottakan.is](http://www.efnamottakan.is)

# ÆTLUM VIÐ AÐ FYLGJA NÁGRÖNNUM OKKAR Í NÝJUSTU TÆKNI- BYLTINGUNNI?



GUÐRÚN ÓLÖF OLSEN LÖGMAÐUR

Almenn umfjöllun um möguleg áhrif  
nýjustu tæknibreytinga á störf innan  
réttarkerfisins

Tæknibyltingar hafa í gegnum tíðina haft áhrif á skilvirkni réttarkerfisins. Fram að tilkomu prentlistarinnar voru lög á Íslandi í munnlegri geymd. Tilkoma ritvéla og prentara auðveldaði löggjafanum að skrifa og prenta út lög. Sömuleiðis hafði tilkoma veraldarvefsins mikil áhrif á störf lögmanna. Aldrei áður hefur verið auðveldara fyrir lögmenn að fletta upp lögum, dómum og öðrum nytsamlegum upplýsingum til þess að geta veitt ráðgjöf, oft án þess að þurfa opna bók, líkt og raunin var hér áður fyrir.

Í dag stöndum við enn og aftur á tímamótum. Ljóst er að fjórða iðnbyltingin, eins og núverandi tæknibylting er oft kölluð, mun valda því að ótal verk verða unnin af hugbúnaði og valda stakkaskiptum í starfsumhverfi lögmanna. Réttarkerfið er þó í eðli sínu íhaldssamara og hefur notkun háþróaðra tæknilausna ekki enn fest rætur í íslensku dómkerfi.

Um heim allan eru lögmenn og aðrir starfsmenn réttarkerfisins nú þegar farnir að tileinka sér nýjar lausnir og nýta þau tækifæri sem tæknin getur haft í för með sér. Til að mynda geta neytendur í nágrannalöndum okkar fengið ýmsa lögfræðiráðgjöf í gegnum veraldarvefinn á svipstundu, sem hefur leitt til þess að færri leita sér ráðgjafar beint frá lögmönnum. Virðist sem að fleiri neytendur vilji fá tiltölulega rétt svar strax gegn lágu gjaldi frekar en að fá hárrétt svar eftir lengri og kostnaðarsamari bið.

Í þessari grein verða tekin til skoðunar dæmi um nýja tækni sem hefur áhrif á dagleg störf lögmanna, hvernig hún getur komið að notum innan dómkerfisins og stuttlega um sumar takmarkanir sem tækninni fylgir.

## Eru tölvunar- og verkfræðingar komnir í samkeppni við lögmannastéttina?

Tækniþróun síðustu áratuga hefur fyrst og fremst snúið að því að auka hagkvæmni í daglegum störfum lögfræðinga. Þannig hefur veraldarvefurinn einfaldað aðgengi lögfræðinga að upplýsingum og hugbúnaður auðveldað önnur vanaverk. Neytendur hafa einnig notið góðs af. Geta þeir kynnt sér ýmsar hliðar laganna og álitaefna án þess að leita strax aðstoðar – þó enn þurfi sérfræðing að lokum, rétt eins og sjúklingar eigi frekar að leita til læknis en vefsins til að fá rétta greiningu.

Í dag er þróunin annars eðlis og virðist hún miða að því að minnka þörfina á að leita til löglerðra sérfræðinga. Einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér auðfenginn hugbúnað og veflausnir í meira magni og komist hjá háum reikningnum frá lögmannsstofum fyrir tímafrek en einföld verkefni sem hægt er að sjálfvirknivæða með hjálp gervigreindar. Með slíkri tækni er hægt að lesa og vinna hraðar úr skjölum, sem eru t.d. á mismunandi tungumálum en mönnum væri fært. Í því sambandi hefur ráðgjafafyrirtækið *McKinsey & Company* álitid að 22% af öllum verkefnum lögmanna megi að fullu sjálfvirknivæða. Í ofanálag eru þegar til staðar lausnir sem gera neytendum kleift að höfða dómsmál án þess að eiga samskipti við lögmann, en fyrir fáeinum árum var slík ráðgjöf eingöngu veitt af lögmönnum gegn hárrí greiðslu.




Spurningin er ekki hvenær lögmannsstofur fara í samkeppni við hugbúnaðarfyrirtæki, heldur hvort lögmannsstofur geti aðlagast nýjum veruleika nógu fljótt. Þannig er nú tækifæri fyrir lögmennt að nýta sérþekkingu og traust neytenda til að bjóða upp á nýja, tæknivædda lögfræðipjónustu á meðan hugbúnaðarfyrirtæki sannfæra neytendur um að þeirra lausn sé traustsins verð. Það er skynsamlegt að taka þetta skref, bæði til að tryggja stöðu sína gagnvart nýrri samkeppni og til að öðlast sérstöðu gagnvart neytendum sem munu að lokum þurfa aðstoð lögmanns fyrir dómstólum.

### Tækni sem lögmannsstofur í Danmörku nota í dag

Lögmannsstofur úti í heimi hafa nú þegar brugðist við og bjóða upp á ódýrar og hraðvirkar tæknilausnir. Ekki þarf að líta lengra en til Danmerkur til að sjá skýr dæmi um þessa þróun.

Fremst í flokki í þeim efnum er lögmannsstofan *Bech-Bruun*. Hún hefur þróað rafrænu þjónustuna *BBSmartDraft* til að útbúa vandaða samninga og gögn á sviði starfsmannaréttar, fyrirtækjaréttar og við kaup og sölu fyrirtækja á skilvirkan og hraðvirkann hátt sem uppfylla allar viðeigandi lagakröfur. Viðskiptavinir svara ítarlegum spurningum og fá skjöl sem eru sérsniðin að þeirra þörfum og afhent strax. Sem dæmi um umfang lausnarinnar er hægt að fá orðalag fyrir samkeppnisréttarákvæði starfsmanna fyrirtækis, sérhannað fyrir aðstæður fyrirtækisins. *BBSmartDraft* undirbýr nú þegar að færa sig á önnur réttarsvið til að tryggja hagkvæmni, tímasparnað og fjármagn við vinnslu skjalanna, sem gerir starfsmönnum stofunnar kleift að nýta tímann í flóknari lögfræðileg álitafni. Til viðbótar við að vera einföld og



---

HVER BER ÁBYRGÐ Á RÖNGUM RÁÐLEGGINGUM EÐA ÁKVÖRÐUNUM GERVIGREINDAR? HVERNIG SKAL TRYGGJA PERSÓNUUPPLÝSINGAR AÐILA? HVER Á UPPLÝSINGARNAR? HVERNIG Á AÐ SKILGREINA GERVIGREIND OG VÉLMENNI? HVERNIG VERÐUR TRYGGT AÐ VÉLMENNIN SÉU FORDÓMALAUS? HVERNIG ER HÆGT AÐ VERNDA MANNRÉTTINDI, T.D. UM RÉTTMÆTA MÁLSMEÐFERÐ FYRIR DÓMSTÓLUM?

---

hröð lausn, kostar áskrift að *Bech-Bruun* grunnskjöllum aðeins um 90 þúsund krónur á mánuði.


Þar að auki hefur *Bech-Bruun* í samstarfi við Cambridge-háskóla hannað gervigreindartæknina *Luminance* sem safnar og greinir gögn og samninga bæði á ensku og dönsku til að framkvæma áreiðanleikakönnun við kaup og sölu fyrirtækja. Síðast en ekki síst hefur stofan gert samvinnusamning við sprotafyrirtækið *Nordic Legal Tech Hub* til að hanna og taka í notkun enn fleiri tæknilausnir fyrir viðskiptavinum stofunnar.

Lögmannsstofan *NJORD Law Firm* (sem undirrituð starfar hjá) hefur ásamt öðrum lögmannsstofum hannað snjall-spjall-lausn (e. chatbot) sem svarar algengum fyrirspurnum erlendra viðskiptavina. Til dæmis um hvaða skilyrði útlendingar þurfa að uppfylla til að kaupa fasteign í Danmörku, hvernig hægt sé að fá skaðabætur vegna truflunar á flugi, eða hvernig sækja meggi um dvalarleyfi. Þessa þjónustu er hægt að sækja endurgjaldslaut og á skotstundu.

### Tækni í samkeppni við störf lögfræðinga og lögmannna

Ofangreind dæmi sýna að lögmannsstofur eru nú þegar farnar að nýta sér tæknina til að bæta þjónustu sína, en tæknin er líka beinn samkeppnisaðili.

Til að mynda gefur appið *DoNotPay* sig út fyrir að vera fyrsti vél-lögfræðingurinn. Appið er stofnað af hinum 23 ára Joshua Browder til að aðstoða einstaklinga í deilum vegna bílastæðasekta en hefur vélmennið nú þegar aðstoðað yfir 250 þúsund íbúa að ákæra bílastæðasektir, með yfir 60% vinningshlutfall gegn ríkinu. *DoNotPay* veitir nú lögfræðiaðstoð í ótal fjölbreyttum málaflokkum, til dæmis deilur við leigjendur, deilur vegna fæðingaorlofs, deilur



í tengslum við hælisumsóknir og aðstoð við einstaklinga vegna skaðabótakrafna ef flugi er aflýst eða seinkað.

Lausnin er mjög einföld í notkun og sérlega hraðvirk. Notandinn svarar fyrst spurningum um hverjum skuli stefna, hvort hann krefjist skaðabóta og upphæð þeirra. Síðan býr appið til öll gögn sem einstaklingurinn þarf til þess að stefna viðkomandi aðila, fyrirtæki eða stofnun og þurfi aðilinn að flytja málið fyrir dómstólum býr appið einnig til ræðu sem aðilinn getur flutt.

Eins og gefur að skilja er framþróunin í þessum geira mjög hröð og ný fyrirtæki virðast spretta upp á hverjum degi. Vegna stærðar íslenska markaðarins og tungumálaþröskuldar má ætla að íslensk fyrirtæki verði ekki fyrir miklum áhrifum af framangreindri þróun í náninni framtíð. Það gæti þó breyst í framtíðinni með fullkomnari tungumálátækni og vegna tengsla Íslands við ESB. Því væri hægt að grípa strax til ráðstafana til að tryggja að íslenska lögmannsstéttin muni geta aðlagast nýjum tímum, til að mynda með því að kenna laganemum að vinna með gögn og lesa kóða líkt og nú þegar er gert í Harvard háskóla.

### Háttvirtur dómari, og Alexa

Starf dómstóla er og verður ekki ósnert af byltingunni. Augljóst dæmi er stafræn væðing dómskerfa, til dæmis nota dómara í Danmörku spjaldtölvur og eru allir ferlar orðnir rafrænir utan málflytningu. Tæknin hefur einnig opnað dyr fyrir lögmennt, einstaklinga og tæknilausnir til að rýna í ákvörðunartöku dómara, og spá fyrir um hvaða orðalag og aðferðir munu auka líkur málsaðila fyrir dómi. Dómara

gætu því þurft að starfa undir enn meiri smásjá en í dag.

Dæmi um slíka lausn má nálgast hjá bandaríska fyrirtækinu *Trellis*. Það býður upp á tölvfræði um fyrri dómsúrskurði dómara og er greint hvaða rök hafa verið árangursríkust í sambærilegum málum, ásamt því hvort dómara beri merki um mismunun á grundvelli kynþáttar. Þar að auki gefa ýmis tölvufyrirtæki sig út fyrir hafa greint þær kröfur, rök í stefnum og greinargerðum og texta sem mismunandi dómara vege mest. Auðvelt er að gera ráð fyrir að upplýsingaöflun af þessu tagi muni einungis aukast í framtíðinni.

Að sama skapi munu dómara geta notað tækni byggða á gervigreind til að meta málsgögn, framkvæmd og fordæmi í sambærilegum málum, og álykta um mögulegar úrlausnir. Þessi tækni er þó ýmsum takmörkunum háð og getur hún til að mynda ekki metið trúverðugleika aðila máls og vitna, eða vikið frá fyrri dómaframkvæmd vegna sérstakra ástæðna.

Slíkar lausnir geta orðið mjög öflugt hjálpartæki fyrir dómara sem geta jú gert mannleg misstöð eins og allir. Þekkt er rannsóknin um áhrif þreytu og næringar á ákvarðanir ísraelskra dómara um styttingu afplánunar fanga. Kom í ljós að dómara voru allt að 65% líklegri til að samþykkja slíka beiðni um morguninn eða beint eftir hádegishlé, en samþykktu nær engar beiðnir rétt fyrir hádegishlé og í lok vinnudags. Tölvur geta þar reynst traustur ráðgjafi, bæði þegar kemur að komast að réttri óhlutlægri niðurstöðu einungis byggðri á gögnum, eða til að benda dómara á sínar eigin líkamlegu takmarkanir og tilhneigingar á

ákveðnum tíma dags. Þannig getur tæknin hjálpað dómurum að skilja að þreyta og hungur geti haft áhrif á næstu ákvörðun og að betra væri líklega að taka hlé eða fresta ákvörðuninni.

Slíkar dómstóla-tæknilausnir hafa nú þegar verið teknar til notkunar í Kína. Í Peking birtist dómaramum til aðstoðar rafdomari á skjánum í formi kvenmanns (nánar tiltekið byggður á einum dómara dómstólsins) til að auðvelda við einföld verkefni, líkt og að veita aðilum máls upplýsingar.

Þar að auki eru stórfyrirtæki farin að leysa deilumál á milli aðila með notkun netlausna án þess að aðilar þurfi að fara fyrir dómstóla. Nú þegar býður fyrirtækið *eBay* kaupendum og seljendum að leysa úr deilumálum með því að senda gögn til *eBay*. Vilji annar aðilinn ekki fylgja ákvörðun *eBay* mun það hafa neikvæð áhrif á stöðu aðilans inni á vefsíðunni sem mun gera það að verkum að hann á erfiðara með að kaupa eða selja vörur í framtíðinni.

#### **Siðferði rafdomara og næstu skref Evrópusambandsins**

Seint er hægt að gera forrit að siðapostulum. Til að geta stuðst við og treyst á gervigreind þarf löggjafinn að tryggja að gervigreindinni sé veittar réttar og hlutlausar upplýsingar sem uppfylla siðferðisreglur. Einnig þarf að tryggja gagnsæi og upplýsa með skýrum hætti um hvaða gögn eru grundvöllur ákvarðana. Að öðrum kosti getur ráðgjöfin verið byggð á röngum forsendum eða jafnvel verið hlutdræg gagnvart ákveðnum kynþætti, trú, eða kyni vegna notkunar sögulegra gagna. Dæmi um slíkt er notkun ákveðinna bandarískra dómara á gervigreind þar sem gervigreindin reyndist hlutdræg gagnvart svörtum aðilum vegna þess að ákvörðunin byggðist á óhlutdrægum gögnum.


Evrópusambandið vinnur um þessar mundir að samræmingu löggjafar varðandi innleiðingu og notkun gervigreindar og vélmenna í réttarkerfinu, enda óteljandi

álitamál og spurningar sem taka verður tillit til. Til að mynda: Hver ber ábyrgð á röngum ráðleggingum eða ákvörðunum gervigreindar? Hvernig skal tryggja persónuupplýsingar aðila? Hver á upplýsingarnar? Hvernig á að skilgreina gervigreind og vélmenni? Hvernig verður tryggt að vélmennin séu fordómalaus? Hvernig er hægt að vernda mannréttindi, t.d. um réttmæta málsmeðferð fyrir dómstólum?

Í desember 2018 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út samræmda áætlun og leiðbeiningar um notkun gervigreindar byggð á þeirri forsendu að notkun gervigreindar muni gagnast dómskerfinu. Í leiðbeiningunum er tekið fram að gervigreind verði að virða gildandi lög og reglugerðir, virða siðferðilegar meginreglur og gildi og vera traust bæði út frá tæknilegu sjónarmiði og að taka tillit til félagslegs umhverfis. Þá eru sjö skilyrði sem gervigreindin þarf að uppfylla: 1) auðvelda fólki að taka upplýstar ákvarðanir og hlúa að grundvallarréttindum þeirra; 2) vera tæknilega örugg, nákvæm og áreiðanleg; 3) fylgja lögum um friðhelgi einkalífs og persónuvernd; 4) vera gagnsæ, þannig að notandi viti á hvaða upplýsingum ákvarðanir eru byggðar og sé upplýstur um takmarkanir kerfisins; 5) vera fjölbreytt, sanngjörn og óhlutdræg; 6) gagnast samfélaginu í heild, og vera sjálfbær og umhverfisvæn; og 7) hafa ferla til að tryggja að ábyrgð sé tekin á notkun og ákvörðunum gervigreindarinnar.

#### **Lokaorð**

Þegar öllu er á botninn hvolft verður þessi þróun hagstæð öllum, líkt og innkoma prentlistarinnar. Neytendur njóta góðs af minni kostnaði og hraðari þjónustu á sama tíma og réttarkerfið verður skilvirkara og sanngjarnara. Þó er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að tryggja að réttarkerfið sé vel í stakk búið til að innleiða nýjar tæknilausnir öllum til hagsbóta.



Professional quality,  
legal and financial translation into English  
**SCRIPTORIUM EHF.**

Keneva Kunz, PhD, löggiltur skjalapýðandi

+354 562 7504, 898 7966, [keneva@scriptorium.is](mailto:keneva@scriptorium.is)

# STARFSNÁM LAGANEMA

ELEONORA BERGPÓRSDÓTTIR LÖGMAÐUR



Í upphafi þessa árs bárust fréttir af því að Félagsmálaráðuneytið hefði hætt við að ráða laganema í ólaunað starfsnám eftir að Bandalag háskólamanna (BHM) gerði athugasemdir í kjölfar auglýsingar ráðuneytisins um starfsnámið. Var þetta ekki í fyrsta sinn sem BHM gerir athugasemd við auglýst starfsnám en bandalagið gerði t.d. árið 2016 athugasemdir við auglýsingu WOW air þar sem einnig var óskað eftir laganema í ólaunað starfsnám.

Starfsnám laganema hjá fyrirtækjum og stofnunum, oft einnig nefnt námsvist, hefur tíðkast um árabíl hjá háskólum hér á landi. Samkvæmt reglum eða viðmiðum viðeigandi deilda háskólanna skal starfsnám, sem lokið er með fullnægjandi hætti, metið til tiltekins fjölda eininga í námi. Þá er það sameiginlegt með starfsnáminu sem háskólarnir standa fyrir að námið felur í sér takmarkaðan fjölda tíma (allt að 160 klst.) sem skulu að venju kláraðir á nokkurra vikna tímabili. Viðkomandi háskóladeild eða nemendafélag þarf einnig að samþykkja það fyrirtæki eða stofnun sem býður upp á starfsnámið og þá er kveðið á um að tilnefndur sé sérstakur umsjónarmaður hjá hlutaðeigandi fyrirtæki eða stofnun sem skal leiðbeina nemandanum og hafa eftirlit með störfum hans í starfsnáminu. Það er hins vegar misjafnt milli skólanna hvort nemandi fái að auki greidd laun fyrir starfsnámið. Þannig er það skilyrði samkvæmt reglum lagadeildar Háskólans í Reykjavík og viðmiðum Háskólans á Bifröst að starfsnámið sé ólaunað en getur verið hvort sem er, launað eða ólaunað, samkvæmt reglum lagadeildar Háskóla Íslands.

Að framangreindu sögðu virðist starfsnám vera vænn kostur en vegna þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram vaknar spurningin hvort eitthvað kunnist að mæla því í mót. Ritnefndarmeðlimur Lögmannablaðsins fór á stúfana og heyrði nánar í Andra Val Ívarssyni lögmanni BHM og Guðjóni Andra Jónssyni, formanni Orator, nemendafélags

---

METNAR EININGAR Í NÁMI ERU AÐEINS EITT AF  
ÞEIM SKILYRÐUM SEM STARFSNÁM ÞARF AÐ  
UPPFYLLA.

---

lagadeildar Háskóla Íslands, um helstu sjónarmið sem uppi eru í tengslum við starfsnám laganema.

## Helstu rök fyrir starfsnámi

Þegar litið er til þess hvað starfsnám getur gefið nemandanum umfram einingar í námi koma nokkur atriði til hugar. Í starfsnámi gefst nemandanum tækifæri á að hagnýta þekkingu sína samhliða námi við úrlausn raunverulegra verkefna, kynnast daglegum störfum lögfræðinga og afla sér þekkingar út fyrir hið akademíska umhverfi. Þá má ímynda sér að starfsnám geti hjálpað nemandanum að velja sér áhugasvið í námi og sérhæfingu til framtíðar. Og fleira kemur til. Guðjón Andri Jónsson, formaður Orator bendir á að lögfræði, a.m.k. innan veggja Háskóla Íslands, sé kennd mjög fræðilega og að starfsnámið sé því mjög gott tól til að undirbúa laganema fyrir starf á vinnumarkaði. Þá sé starfsnámið helsta tenging skólans við atvinnulífið. Aðspurður hvort starfsnám geti aukið samkeppnishæfni nemandans við atvinnuleit eftir útskrift telur hann svo vera þar sem öll aukin hæfni og þekking auki samkeppnishæfni viðkomandi á vinnumarkaði.

## Gagnrýni á ólaunað starfsnám

Eins og áður segir hefur starfsnám laganema þó sætt gagnrýni. Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM, segir gagnrýni bandalagsins þó ekki hafa beinst að starfsnáminu sem slíku. Í áðurnefndu tilviki, fyrr á þessu ári, gerði BHM m.a. athugasemdir við að í auglýsingu Félagsmálaráðuneytisins um ólaunað starfsnám var auglýst eftir



**Andri Valur Ívarsson lögmaður BHM.**



**Guðjón Andri Jónsson formaður Orators.**

einstaklingi sem annaðhvort hefði BA-gráðu í lögfræði og stundaði meistaranám í greininni eða hefði nýlokið meistaranámi. Þá hafi verið gerð krafa um að viðkomandi hefði getu til að vinna sjálfstætt. Hefði BHM því gert þá kröfu að ráðuneytið greiddi þeim sem yrði fyrir valinu þau lágmarkslaun sem um starfið giltu.

*Er það þá ekki afstaða BHM að ólaunað starfsnám stangist í öllum tilvikum á við lög og kjarasamninga?*

„Nei, það þarf að skoða þetta í stærra samhengi.“ segir Andri. „Ef BHM fengi að ráða þá væri allt starfsnám launað því einstaklingur í starfsnámi er vissulega að koma inn á vinnustað og leggja eitthvað af mörkum. Ef þetta er hins vegar vel skilgreint, starfsnámið er framkvæmt í samstarfi við háskóla og nemendafélag, er raunverulega hluti af námi viðkomandi og nemandinn sleppur við bóklegt námskeið á móti, þá gerir BHM alla jafna ekki athugasemdir við þetta.“ Eitt af þeim atriðum sem BHM hafi að leiðarljósi sé hvort starfnám sé lánshæft, ef svo megi segja, þ.e. að starfsnámið sé metið til eininga sem eru lánshæfar hjá LÍN. Andri bendir einnig á að hjá BHM séu fleiri starfsstéttir undir en lögfræðingar. Starfsnám sé t.d. algengt í heilbrigðisgeiranum en þar hafi BHM m.a. gert athugasemdir við það þegar ólaunaður starfsnemi sé orðinn hluti af vakt og skilgreindur með stöðugildi. Þá sé viðkomandi stofnun eða fyrirtæki ekki með starfsnema

undir handleiðslu einhvers reynslumeiri heldur í raun með sjálfstæðan ólaunaðan starfsmann.

*Nú hefur BHM talað fyrir því að laganemum séu greidd laun í starfsnámi þar sem starfsnám geti leitt til félagslegs undirboðs í stéttinni. Geturðu útskýrt það aðeins nánar?*

„Í sinni allra einföldustu mynd þá er hægt að færa rök fyrir því að um félagslegt undirboð sé að ræða ef ólaunaður starfsnemi er ráðinn í starf sem þarf að vinna. Það er því félagslegt undirboð þegar vinnuveitandi sparar sér launakostnað með því að taka inn ólaunaðan starfsnema í verkið.“ segir Andri. Í því sambandi nefnir Andri sem dæmi að ef starfsnemi komi inn í stofnun, fái tiltekin verkefni sem þurfi að ljúka og litlar leiðbeiningar, og verkefnin felist fyrst og fremst í handavinnu, þá geti það verið vísbending um félagslegt undirboð. Starfsneminn kæmi augljóslega lítið fróðari út úr slíku. Ef allt sé hins vegar gert rétt, starfsneminn komi inn og læri af einhverjum sem hafi þekkingu og reynslu, og sá starfsmaður verði jafnvel fyrir auknu álagi vegna starfsnemans, þá bendi það til þess að um starfsnám sé að ræða.

*En hver er afstaða Orator til gagnrýni BHM?*

„Eins og ég túlka afstöðu BHM þá beinist hún mest megnis gegn atvinnurekendum sem halda að þeir geti sleppt því að

ráða starfsmenn með því að fá inn starfsnema, en þannig á starfsnám ekki að virka.“ segir Guðjón. Hann bendir á að þegar um starfsnám sé að ræða sé gerður samningur um starfsnámið þar sem viðmið eru skilgreind. Starfsnámið eigi ekki að minnka þörf fyrirtækisins til að ráða til sín starfskrafta. „Stærsta hættan í þessum efnunum er að fyrirtæki eða stofnanir misnoti starfsnám og að framboð starfsnáms hafi þá áhrif á ráðningar starfsmanna inn í fyrirtæki eða stofnanir. Þetta er eitthvað sem þarf að fylgjast grannt með og ég tel að Orator hafi verið að gera ágætlega undanfarin ár, þótt mistök geti orðið.“ Guðjón bendir einnig á að öll umræða og aðhald sé af hinu góða og að aðilar á borð við BHM séu að standa sig mjög vel í því að passa upp á þetta.

### **Starfsnám eða starf?**

Andri segir að mörkin milli ólaunaðs starfsnáms og ólaunaðs starfs geti verið óljós. BHM hafi talið mikilvægt að háskólarnir fylgi því eftir að starfsnám sé ávallt skipulagt í samvinnu milli háskóladeildar eða nemendafélags, atvinnurekandans og svo nemandans. Þá segir hann að starfsnemi þurfi líka að fá einingar fyrir sitt starfsnám, en metnar einingar í námi séu þó aðeins eitt af þeim skilyrðum sem starfsnám þurfi að uppfylla. Nefnir hann aftur að starfsnámið þurfi einnig að vera stundað undir handleiðslu. Tilgangurinn sé að nemandinn komi út úr starfsnáminu með frekari þekkingu, reynslu og getu. Guðjón tekur í sama streng og telur eðlismun vera á starfsnámi og starfi þar sem einstaklingur hefur verið ráðinn inn til fyrirtækis eða stofnunar. Bendir hann á að innan Orator starfi nefnd sem sé milliliður nemenda og fyrirtækis eða stofnunar sem skoði hvert og eitt starfsnám og meti það. Þannig eigi að vera tryggt að viðkomandi starfsnám standist skoðun.

### **Launað starfsnám ekki alltaf kostur**

Spyrja má hvort launað starfsnám myndi taka af allan vafa um réttmæti starfsnáms í hverju tilviki. Það má vera en í umræðunni hefur borið á því að sumar stofnanir gætu þá ekki boðið upp á starfsnám. Þær hafi einfaldlega ekki bolmagn til að greiða nemendum laun í starfsnámi þótt þær vilji gjarnan gefa nemendum tækifæri á að öðlast reynslu og þekkingu af þeim störfum sem þar eru unnin, sem komi til með að nýtast nemandanum síðar meir. Aðspurður um afleiðingar þess að skylt væri að greiða laun í starfsnámi segir Guðjón að það myndi líklega skila sér í minna framboði starfsnáms og þannig færri möguleikum fyrir nemendur að sækja sér reynslu út á vinnnumarkaði.

*Ef við horfum á þá reynslu, þekkingu og möguleg aukin starfstækifæri sem starfsnám getur haft í för með sér fyrir nemanda væri það ekki slæm þróun að t.d. stofnanir myndu neyðast til að hætta að bjóða upp á starfsnám ef skylt væri að greiða fyrir það laun? Er ekki framlag þessara stofnana líka verðmætt í formi miðlunar á þekkingu og leiðsagnar?*

„Það er alveg hægt að stilla þessu upp svona. Auðvitað er slæmt að fólk missi af tækifærum,“ segir Andri. „Hins vegar þætti það alls ekki í lagi ef fyrirtæki á almennum vinnnumarkaði, t.d. veitingastaður, myndi hafa starfsmann í vinnu í nokkra daga án þess að greiða honum laun með þeim rökum að það væri verið að gefa honum tækifæri til að sanna sig.“ Andri tekur þó fram að BHM hafi skilning á þessum sjónarmiðum. Í grunninn vilji BHM að allt starfsnám sé launað en átti sig á því að til séu frávik.

### **Umgjörð starfsnáms þarf að vera góð og fylgjast þarf með framkvæmdinni**

Aðilar virðast vera sammála um að regluverk um starfsnám þurfi að vera gott og fylgjast verði grannt með framkvæmd starfsnámsins. Í því sambandi bendir Andri á að BHM hafi lagt áherslu á að stjórnvöld komi að málum og leggi línur en háskólanir geti svo útfært tiltekin atriði nánar eftir mismunandi deildum og námi. Nefnir hann að BHM og Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) hafi kallað eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneytið setji skýrar reglur um starfsnám á háskólastigi í samráði við BHM og LIÍS. Í bréfi sem samtökin sendu mennta- og menningarmálaráðherra árið 2017 hafi m.a. verið áréttað að starfsnám skuli ávallt vera álitid sem leið nemenda til að öðlast reynslu úti á vinnnumarkaði í tengslum við nám sitt. Það megi aldrei líta á það sem leið fyrirtækja til að laða til sín ódýrt vinnuafli. Þetta sé einn útgangspunkturinn í þessu segir Andri.

Guðjón telur að núverandi umgjörð um starfsnám laganema innan lagadeildar Háskóla Íslands og nemendafélagsins sé góð. Hann telur reglusetningu af hálfu stjórnvalda geta verið til bóta til að minnka óvissu en myndi þá kalla eftir því að litid væri til lögfræðinnar. Hann telji þó ekki brýna þörf á að stjórnvöld komi að þessu þó það myndi eflaust einfalda umræðuna.



# ERU GÖGNIN ÞÍN Í ÖRUGGUM HÖNDUM ?

Umslag er eina prentþjónustan á landinu sem er  
öryggis- og upplýsinga vottuð samkv. ISO-27001.



LÁGMÚLI 5  
SÍMI 533 5252  
WWW.UMSLAG.IS



IS 594468



UMHVERFISVOTTAD  
FYRIRTÆKI



# RÍKIÐ BYGGÐI Á LÖGUM

ERLA S. ÁRNADÓTTIR LÖGMAÐUR



Í Lögmannablaðinu, 3. tölublaði 2018, birtist grein eftir Daníel Isebarn Ágústsson, lögmann, þar sem hann fjallar um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 4. júlí 2018. Málið var höfðað af föður langveiks barns gegn Tryggingastofnun ríkisins til að fá ógiltar ákvarðanir stofnunarinnar sem synjuðu tiltekinni fyrirgreiðslu er faðirinn hafði sótt um á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Greinarhöfundur fjallar um sérkennileg ummæli í dómnum er lúta að því að stjórnvöld hafi ekki það hlutverk að „leita allra leiða eða beita öllum brögðum til að fá sýknu fyrir hið opinbera eða fá málum vísað frá dómi” og að þeim sem falið sé að koma fram fyrir hönd ríkisvaldsins í dómsmáli sé „ekki tækt að verjast með öllum sömu ráðum og einkaaðilum”. Er í greininni sett fram sú skoðun að hið opinbera leggi oft þunga áherslu á að máli verði vísað frá dómi og fái því ekki efnismeðferð fyrir dómstólum.

Þessari grein er hvorki ætlað að gera sérstaka úttekt á því hvort algengt sé að opinberir aðilar geri að ófyrirsynju kröfur um frávísun fyrir dómi í málum er borgararnir höfða á hendur þeim né gera samanburð á því hvort frávísun komi oftast til álita í tilteknum tegundum mála en öðrum eða af hálfu tiltekinna aðila. Tilgangur þessara skrifa er hins vegar að vekja athygli á endanlegum afdrifum þess dómsmáls sem um er fjallað í fyrri grein. Þess ber að geta að undirrituð fór með málið af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins.

---

„KRAFA TRYGGINGARSTOFNUNAR RÍKISINS UM FRÁVÍSUN FRÁ DÓMI VAR AÐALLEGA BYGGÐ Á ÞVÍ AÐ KRÖFUR STEFNANDA, ER VORU UNDIRLIGGJANDI KRÖFUM HANS UM ÓGILDINGU STJÓRNVALDSÁKVARÐANA, HEFÐU VERIÐ FYRNDAR ER MÁLIÐ VAR HÖFÐAÐ.

---

Stofnunin áfrýjaði dómi héraðsdóms til Landsréttar. Með áfrýjuninni var aðallega leitast við að fá hnekk úrskurð héraðsdóms í málinu er hafði gengið í mars 2018 þar sem hafnað var kröfu stofnunarinnar um frávísun málsins í heild frá héraðsdómi. Til vara var af hálfu stofnunarinnar höfð uppi sú málsástæða fyrir Landsrétti að efnisleg niðurstaða hennar um höfnun fyrirgreiðslu hefði að öllu leyti verið samkvæmt lögum og því bæri að sýkna af dómkröfum föðurins um ógildingu stjórnvaldsákvæðana.

Krafa stofnunarinnar um frávísun frá dómi var aðallega byggð á því að kröfur stefnanda, er voru undirliggjandi kröfum hans um ógildingu stjórnvaldsákvæðana, hefðu verið fyrNDAR er málið var höfðað. Sú málsástæða byggði á því að stofnunin hafði þegar í júní 2010 synjað fyrri umsókn föðurins. Síðari umsókn föðurins á árinu 2011 hafði einnig verið synjað af stofnuninni og úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála hafði staðfest þá ákvörðun í september



2011. Faðirinn hafði þegar í febrúar 2014 höfðað mál á hendur stofnuninni vegna síðari umsóknarinnar og sleit sú málssókn fyrningu gagnvart kröfu vegna hennar. Því máli var vísað frá dómi í júní 2016 en málið sem hér um ræðir var ekki höfðað fyrr eftir lok sex mánaða frests samkvæmt 22. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu, en þá voru fyrndar þær kröfur er faðirinn hefði getað leitast við að hafa uppi í kjölfarið á ógildingunni ákvarðana stofnunarinnar, hefði verið fallist á þær kröfur.

Í forsendum úrskurðar héraðsdóms, þar sem málsástæðu þessari var hafnað, er að finna þau sérkennilegu ummæli að dómnum væri „allsendis óljóst hvort almennur fyrningarfrestur að fyrningarlögum“ ætti við um undirliggjandi kröfur. Með úrskurði Landsréttar frá 15. febrúar 2019 í málinu nr. 672/2018 var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi með vísan til þess að undirliggjandi kröfur hefðu verið fyrndar er málið var höfðað. Í úrskurði Landsréttar er tekið fram að það sé hlutverk dómstóla að taka afstöðu til þess hvaða fyrningarfrestur gildi um einstakar kröfur sem hafðar eru

uppi í dómsmáli hverju sinni ef fyrningu er borið við. Var síðan tekið undir málsástæður Tryggingastofnunar ríkisins um fyrningu og talið að í ljósi þess að undirliggjandi fjárkröfur föðurins hafi verið fyrndar þegar málið var höfðað yrði ekki séð að hann hefði lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um þær kröfur sínar að ógilda bæri ákvarðanir stofnunarinnar.

Var þannig fallist á aðalmálsástæðu Tryggingastofnunar ríkisins um skort á lögvörðum hagsmunum vegna fyrningar, þrátt fyrir að um væri að ræða viðurkenningarmál. Stefndi, faðirinn, kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi í máli 12/2019 þann 19. mars sl. staðfesti úrskurð Landsréttar með vísan til forsendna. Er því ljóst að sú afstaða stofnunarinnar að krefjast frávísunar sökum fyrningar undirliggjandi krafna var að öllu leyti samkvæmt lögum.

## Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is*



Lögmannaþingið hitti Vilhjálm H. Vilhjálmsson, fyrrverandi lögmann og Landsréttardómara á veitingastað í miðbæ Reykjavíkur. Vilhjálmur heilsaði með breiðu, hlýlegu brosi og var svo fljótur að taka til máls enda ákaflega viðræðugóður maður sem á auðvelt með að segja frá.

# FRAM OG AFTUR REYKJANESBRAUTINA

„Ég varð stúdent 1970 frá MR og þá var algerlega óráðið hvað ég ætlaði að gera. Ég hafði verið togarasjómaður á sumrin og áður en ég fór á fyrsta túrinn eftir stúdentinn fór ég í Háskólann og skráði mig í Þjóðfélagsfræði. Þetta var þá nýtt nám með ýmsu áhugaverðu efni og flottum kennurum, bæði frá erlendum háskólum og íslenskum kennurum sem voru nýkomnir heim úr námi eins og t.d. Þorbjörn Broddason og Ólafur Ragnar Grímsson. Ég byrjaði fyrsta veturinn í þessu námi og tók prófin um vorin en síðan var eitthvað óljóst hvernig yrði með framhaldið á þessari deild og þá ákvað ég að innrita mig einnig í lagadeild. Ég veit eiginlega ekki af hverju. Kannski var það vegna þess að frá því ég var í menntaskóla hafði ég fylgst vel með stóru sakamáli sem snerist um leigubílstjóra sem var myrtur í bílnum sínum við Laugalæk [Hrd. 90/1970, 1971 bls. 217]. Við aldavinur minn Árni Indriðason fylgdumst með þessum réttarhöldum í tvo til þrjá daga í Hæstarétti. Þannig að ég fékk áhuga þarna með því að fylgjast með málflutningi. En ég allavega hóf nám í lagadeildinni annað haustið mitt í Háskólanum og var um leið í Þjóðfélagsfræðinni. Þarna um haustið 1971 var ég í mjög fróðlegu námskeiði

í íslenski stjórn málaþróun hjá Ólafi Ragnari Grímssyni. Á sama tíma var ég einnig í almennri lögfræði sem Sigurður Líndal kenndi og eftir að hafa kynnst honum áttaði ég mig á því að það væri líklega ekki gott að fara líka í prófið í íslenski stjórn málaþróun en þar var Sigurður prófdómari. Þannig að ég fór í prófið í almennri lögfræði og náði því og var þá um leið hættur í Þjóðfélagsfræði. Sennilega er ég eini nemandinn sem skipti úr félagsfræði í lagadeild Háskóla Íslands.“

Vilhjálmur segir að námið í lagadeildinni hafi að mörgu leyti verið frekar þurrt. Sjaldan umræður milli kennara og nemenda en þess í stað voru langir fyrirlestrar, jafnvel þannig að lesið var beint upp úr kennslubókunum. Þó nefnir Vilhjálmur að Sigurður Líndal hafi verið sérstaklega frjór og skemmtilegur, beint spurningum til nemenda og bryddað upp á áhugaverðum umræðum. Einnig hafi Arnljótur Björnsson og Þór Vilhjálmsson verið mjög góðir kennarar. Vilhjálmur vann einn vetur með námi og var auk þess í stúdentapólitík í félagi vinstri manna (sem þá hét reyndar ekki Röskva) og sat í stjórn Stúdentaráðs einn

---

MENN MÆTTU STUNDUM Hafa það í huga að  
LÖGMENNSKAN ER EKKI BARA EITT MÁL OG EF  
ÞÚ ÆTLAR AÐ EIGA LANGAN FERIL ÞARFTU AÐ  
EIGA TRAUST HINNA LÖGMANNANNA Í  
STÉTTINNI.

---

vetur. Hann og aðrir sem voru á vinstri vængnum á þessum tíma héldu þó ekki áfram í pólitík eftir háskólann. Hann minnst þess að stúdentapólitíkin hafi raunar mest verið rifrildi um utanríkismál og aðalágreiðingurinn hafi verið um herstöð Bandaríkjanna hér á landi.

### Garðar og Vilhjálmur

Vilhjálmur lauk námi 1976 og hugur hans stóð til þess að fara í framhaldsnám í sjórétti enda hafði hann þá fengið áhuga á skaðabótarétti og sjórétti. Arnljótur Björnsson varð honum innan handar að fá styrk til þess að stunda nám við Instituttt for Sjørett í Osló. Vilhjálmur komst þó ekki strax út í nám og þurfti því að finna sér vinnu í ár áður en hann færi utan. „Ég frétti af því fyrir tilviljun að lögmaður í Keflavík hefði svo mikið að gera að hann væri að leita sér að fulltrúa. Ég þekkti þennan lögmann ekki neitt en ákvað að prófa að hringja í hann og kanna hvort mögulegt væri að fá vinnu, þó ekki væri nema í skamman tíma.“ Lögmaðurinn var Garðar Garðarsson og þeir Vilhjálmur áttu eftir að vinna saman næstu 40 árin. Vilhjálmur segir að í þessu örlagaríka símtali hafi Garðar spurt hinn ókunnuga, nýútskrifaða lögfræðing hvort einhver gæti gefið honum meðmæli. Þá hafi Vilhjálmur bent á Sigurð Líndal og telur að það hafi líklega orðið til þess að hann fékk vinnuna. „Ég veit ekki enn í dag hvort Garðar spurði Sigurð nokkurn tíma um meðmælin eða hvort það eitt hafi nægt að ég skyldi þora að vísa á hinn stranga lagaprófessor um meðmæli.“

Vilhjálmur vann hjá Garðari í eitt ár en fór svo í framhaldsnámið við Instituttt for Sjørett. Hann segir að það hafi verið afskaplega gott nám, allur aðbúnaður og kennsla til fyrirmyndar og lítill hópur nemenda í þessu framhaldsnámi sem var eftirsótt. Skólinn þótti og þykir enn mjög góður en var engu að síður mjög heimilislegur. Nemendur og kennarar komu t.d. með nesti að heiman og borðuðu allir saman við langborð í bókasafninu í hádeginu. „Umræðurnar þar við borðið um lögfræði og þjóðfélagsmál almennt var ómetanlegt veganesti.“ Vilhjálmur kom heim að loknu

ársnámi við skólann og fljótlega þar á eftir bauð Garðar honum að ganga inn í stofuna með sér sem eigandi.

Skrifstofa Garðars og Vilhjálms var lengst af eingöngu í Keflavík en fyrir aldamótin fór verkefnum verulega fjölgaandi á höfuðborgarsvæðinu og þá opnuðu þeir einnig skrifstofu þar. Vilhjálmur var þó meira eða minna með sína aðstöðu í Keflavík fram til 2006. Hann segist einhvern tíma hafa reiknað út hversu marga kílómetra hann hefði keyrt í og úr vinnu þessi ár. „Þegar ég sá niðurstöðuna ákvað ég strax að gleyma henni.“ Í ferðunum til og frá vinnu gafst þó oft næði til þess að spjalla saman en einnig góður tími til þess að hlusta á og fræða samstarfsfólk um Megas sem Vilhjálmur heldur mikið upp á.

Garðar og Vilhjálmur voru fyrstu árin bara tveir á stofunni ásamt ritara og bókara. Vilhjálmur gekk í öll lögmannsstörf, sérstaklega á fyrstu árunum í starfi. „Garðar var með mikið af verkefnum sem hann hafði ekki mátt vera að því að ýta af stað. Þannig að ég settist bara niður og byrjaði að skrifa kröfubréf og stefnur á ritvél...með tveimur puttum. Það voru auðvitað ekki alveg hámarksafköst en þetta gekk hjá mér.“ Vilhjálmur nefnir sérstaklega að þeir Garðar hafi verið mjög heppnir með starfsfólk sem þeir „stálu“ oftast frá bönkunum í Keflavík. Vilhjálmur hélt áfram að sinna öllum mögulegum verkefnum fyrir utan að hann fann fljótt að hann hafði ekki áhuga á að taka að sér verjendastörf í sakamállum. „Ég sá fljótlega að það skipti engu máli hvað maður vandaði sig mikið við vörnina, það var ekkert lítið til hennar í dóminum. Dómararnir bæði rannsókuðu og dæmdu og það eina sem fram kom í dóminum um varnirnar var ein lína um að vörn hefði verið skilað. Svo var oftast greitt jafnlítið fyrir hvert mál og ekkert lítið til þess hversu mikil vinna lá að baki.“

### Þjóðarsálin og baráttan í skaðabótaréttinum

Stór hluti af verkefnum Vilhjálms fyrstu árin var að sjá um innheimtu en stofan var með mikið af slíkum málum. „Fólk var töluvert að spyrjast fyrir um sín mál og mér fannst alltaf mjög mikilvægt að tala við fólk og svara fyrir þau bréf og aðgerðir sem við stóðum í. Ég fann þó fljótt að ef ég tæki öll símtöl, hvenær sem þau bárust, þá gerði ég lítið annað á daginn. Ég greip því til þess úrræðis að hafa fastákveðinn símatíma milli eitt og tvö á hverjum degi. Þessir símatímar vöktu athygli samstarfsfólks míns sem fannst stemningin oft svipa mikið til útvarpsþáttar sem var mjög vinsæll á þessum árum og nefndist Þjóðarsálin. Ég skal alveg viðurkenna að það var oft ekki svo fjarri lagi.“

Eftir því sem árin liðu rötuðu sífellt fleiri slysa- og skaðabótamál inn á borð Vilhjálms og hann skapaði sér fljótlega gott orðspor sem sterkur lögmaður á því sviði. „Þetta eru mál sem ég hef alltaf haft áhuga á enda mikilvæg mál fyrir þá einstaklinga sem lenda í þeim. Ég náði mjög oft samkomulagi utan réttar við tryggingafélögin um uppgjör bóta. Ef ég taldi aftur á móti að umbjóðandi minn væri ekki að fá það sem hann átti rétt á var ég ófeiminn að láta reyna á slíkt fyrir dómstólum. Alveg hiklaust. Það kom tímabil þar sem ég fór með gríðarmörg mál fyrir dóm en það tengdist því meðal annars að ég, ásamt fleiri lögmönnum, var að berjast fyrir því að ná fram breytingum á réttarsviðinu. Skaðabótalögin voru t.d. nánast þýðing á dönsku lögunum og hentuðu illa fyrir Ísland. Þarna var ég í hópi með afbragðslögmönnum eins og Jóni Steinari, Sigurði G., Viðari Má og Atla Gíslasyni. Við beittum okkur gegn verklagsreglum tryggingafélaganna en félögin höfðu þá komið sér upp sínu eigin kerfi um það hvernig ætti að leysa úr skaðabótamálum. Margir lögmenn tóku bara þessar greiðslur án nokkurra mótmæla en við töldum verklag félaganna ekki standast og hófum því baráttu gegn þeim og þurftum til þess að höfða gífurlegan fjölda af dómsmálum. Ég stefndi tugum mála á nokkrum vikum og það gerðu hinir lögmennirnir líka. Þessi dómsmál fóru flest okkur í hag og upp frá þessu breyttist vinnulagið hjá tryggingafélögunum. Í kjölfarið komu svo ný og betri skaðabótalög. Ég er mjög stoltur að hafa átt þátt í því að koma þessum málum í betra horf. Þess má svo reyndar geta að ég var í hóp sem var beðinn um að gera drög að nýjum skaðabótalögum. Eiríkur Jónsson leiddi starfið sem lauk með lagafrumvarpi. Þetta var fyrir um tveimur árum en frumvarpsdrögin hafa legið í salti eftir að hafa verið lögð fyrir Alþingi en dagað uppi þar.“

### **Landslög og borgarlögmaður**

Lögmansstofan stækkaði og opnað var útibú í Reykjavík en kjarni stofunnar hélst þó áfram í Keflavík. Á grunni lögmansstofu Garðars og Vilhjálms var svo stofnuð lögmansstofan Landslög. Inn í þá stofu gengu Jóhannes Karl Sveinsson og Viðar Lúðvíksson, sem verið höfðu fulltrúar Garðars og Vilhjálms, og Jón Sveinsson lögmaður. Landslög sameinaðist LM lögmönnum árið 2010 og þegar Vilhjálmur hætti störfuðu þar um 20 lögmenn auk annars starfsfólks. Nafnið Landslög byrjaði í raun sem hálfgerður brandari hjá Vilhjálmi en um það leyti var byrjuð sú tíska að nefna lögmansstofur upp á latínu eða grísku. Þá þótti Vilhjálmi sniðugt að gera eitthvað þveröfugt en auk þess fannst honum nafnið risastórt og bjóða upp á óendanlega orðaleiki. „En svo festist þetta nafn bara. Við fundum aldrei neitt annað sem okkur fannst betra.“

---

STEFNUR OG GREINARGERÐIR Í EINKAMÁLUM  
PURFA OFTAST EKKI AÐ VERA LENGRI EN 4-6  
SÍÐUR. SLÍK SKJÖL, ÞAR SEM MÁLSÁSTÆÐUR OG  
LAGARÖK ERU SETT FRAM Á STUTTAN OG  
HNITMIÐAÐAN HÁTT, ERU MUN LÍKLEGRI TIL AÐ  
HAFA TILÆTLUÐ ÁHRIF Á DÓMARA EN  
LANGLOKURNAR. ÞAÐ GET ÉG NÚ STAÐFEST  
EFTIR DÓMARASTARFIÐ.

---



---

EF ÉG VAR EKKI SAMMÁLA HINUM  
DÓMURUNUM OG TALDI AÐ ÖNNUR  
NIÐURSTAÐA VÆRI RÉTT PÁ VAR ÉG EKKI  
FEIMINN VIÐ AÐ SKILA SÉRATKVÆÐI. ÉG LEIT  
BARA Á ÞAÐ SEM SKYLDU MÍNA SEM DÓMARA  
AÐ DÆMA EFTIR ÞVÍ SEM ÉG TALDI RÉTTAST  
LÖGUM SAMKVÆMT.

---

Eins og áður segir vann Vilhjálmur nánast allan sinn 40 ára lögmansferil á sömu stofunni en þó með einni undantekningu. Eftir fjölmörg ár í erilsömu lögmansstarfi vildi Vilhjálmur kanna hvort hann kæmist í eitthvað rólegra. Hann sóttist því eftir og var ráðinn borgarlögmaður haustið 2003. Nánast strax eftir að hann tók til starfa fann hann þó að embættið var töluvert öðruvísi en hann hafði gert ráð fyrir. „Á þessum tíma var bara einn fulltrúi í vinnu hjá embætti borgarlögmanns. Þetta var gríðarleg vinna, sérstaklega þar sem ég þurfti að sinna svo mikilli stjórnslu en ég hafði séð þetta fyrir mér fyrst og fremst sem málflutning og lögfræðiráðgjöf. Ég eyddi eiginlega öllum vinnudeginum í að vera á fundum með borgarstjóra, borgarritara, borgarverkfræðingi eða öðrum embættismönnum. Eftir vinnudaginn átti ég þá eftir öll hefðbundnu lögfræðistörfin. Ég hugsaði því fljótlega með mér að ef ég ætlaði að vinna svona mikið vildi ég frekar kæfa mig í vinnu hjá sjálfum mér en hjá öðrum. Ég sagði því upp eftir 3 mánuði og var þarna í heildina í 6 mánuði. Míni fyrri samstarfsfélagar tóku mér vel þegar ég vildi kom til baka á Landslög. En það var mjög erfitt að tilkynna þessa ákvörðun fyrir yfirmönnum Borgarinnar þótt ég efist ekki um að ákvörðunin hafi verið rétt.“ Þrátt fyrir stuttan tíma sem borgarlögmaður segist Vilhjálmur hafa lært mjög mikið. „Ég fann það þegar ég kom til baka að ég var orðinn ferskari. Ég var líka skipulagðari og ég átti orðið auðveldara með að neita því að taka að mér verkefni. Áður fyrr gat ég eiginlega aldrei sagt nei þegar ég var beðinn um að taka eitthvað að mér. Það var meðan ég var ennþá með gott hjartalag.“

### Lögmennskan

Í þá daga var tæknin auðvitað mun minni og Vilhjálmur telur eina helstu breytinguna á störfum lögmanna felast í tækninni. Alger bylting hafi orðið í allri skrifstofuvinnu en auk þess hafi tæknin hjálpað til við sjálf lögfræðistörfin.

Áður fyrr hafi lögmenn t.d. þurft að fylgjast vel með stjórnartíðindum og merkja breytingar inn í Lagasöfnin. Þótt tæknin sé að sjálfsögðu góð telur Vilhjálmur að hún hafi því miður leitt til þess að persónuleg samskipti milli fólks séu orðin minni en áður var. Þetta þurfi ekki endilega að vera góð þróun og Vilhjálmur segist hafa reynt að impra á því við sína fulltrúa að nota símann meira, einkum þegar reyna ætti að ná samkomulagi. „Þá hefur tæknin auðveldað alla textavinnu, en með þeim afleiðingum að stefnur og greinargerðir eru nú miklu lengri en áður og oft allt of langar því heilu blaðsíðurnar eru teknar upp úr skjölum málsins. Það er ekki góð lögmennska að mínu mati. Stefnur og greinargerðir í einkamálum þurfa oftast ekki að vera lengri en 4-6 síður. Slík skjöl, þar sem málsástæður og lagarök eru sett fram á stuttan og hnitmiðaðan hátt, eru mun líklegri til að hafa tilætluð áhrif á dómara en langlokurnar. Það get ég nú staðfest eftir dómarastarfið.“

Þegar Vilhjálmur var að hasla sér völl í lögmennsku höfðu fáir „nýir“ lögmenn tekið til starfa og flestir lögfræðingar sem höfðu útskrifast árin á undan lögðu fyrir sig önnur störf. Lögmenn voru auðvitað mun færri þá en þeir eru í dag en þeir þekktu í staðinn hvern annan nokkuð vel og Vilhjálmur eignaðist góða vini og féлага í stéttinni. „Það voru kannski tveir eða þrír í stéttinni sem ekki mátti treysta. Garðar varaði mig bara við þeim strax þegar ég var að byrja. Það var traust og virðing milli lögmanna og andinn í stéttinni almennt mjög góður.“ Vilhjálmur finnst eins og þetta hafi mögulega breyst á seinni árum.

Starfa sinna vegna átti Vilhjálmur mikil samskipti við starfsmenn tjónadeilda tryggingafélaga en þeir voru yfirleitt ekki lögfræðimenntaðir. „Þetta var mjög vandað og duglegt fólk sem hafði sett sig vel inn í allar reglur skaðabótaréttar og sjóréttar. Þótt þau væru ekki lögfræðingar voru þau hafsjór af fróðleik á sínu sviði og kunnu þetta gjörsamlega allt saman. Það var mjög gott að semja við þessa starfsmenn og við leystum langflest mál á frekar stuttum tíma vegna þess að báðir aðilar vissu alltaf hvar mörkin lágu og vildu semja ef það var hægt. Ég gæti nefnt þó nokkra toppmenn sem ég átti áralangt og gott samstarf við, t.d. Birgi og Þorgeir Lúðvíkssyni hjá Sjóvá, Þóri Gunnarsson hjá VÍS og svo lögmennina Guðmund Pétursson hjá TM og Ingvar Sveinbjörnsson hjá VÍS. Einn er mér sérstaklega minnisstæður en það var forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, Gunnar Felixson mikill heiðurs- og sómamaður. Það var sérstaklega gaman að vinna með honum því hann var svo aktífur sjálfur í einstökum málum þótt hann væri forstjóri félagsins. Það átti alveg sérstaklega við um mál sem vörðuðu sjórétt. Ef ég var til



dæmis með björgunarmál, þá var oftast sami gangurinn á því: maður beið eftir sjóprófum og vann svo kröfubréf eftir þeim. Í þá daga tók um það bil einn dag að koma bréfi frá Keflavík til Reykjavíkur en það tekur viku núna held ég. En allavega ég sendi bréfið og svo gat ég nánast stillt klukkuna eftir því að næsta dag þá hringdi Gunnar. Það var alltaf sama handritið; hann hringdi og skildi ekkert í þessu bréfi frá mér. Hann sagði mér alveg sallarólegur og yfirvegaður hvað það kæmi honum mikið á óvart að ég svona vel menntaður og reyndur maður væri að gera svona háar fjárkröfur fyrir þessa aðstoð. Við ræddum þetta svo eitthvað fram og til baka en svo endaði símtalið alltaf eins; hann spurði hvort ég gæti komið til hans daginn eftir á fund. Það var auðvitað alveg sjálfsagt og ég mætti daginn eftir. Við tókum þá smá umræðu til viðbótar, kannski korter, og þá var bara komið samkomulag. Gunnar lét skrifa ávísun á staðnum og við kvöddumst með virktum. Svona gekk þetta í hverju einasta máli. Við þekktum báðir lagareglurnar og túlkun dómstóla á þeim og lékum okkar hlutverk alveg í botn. Ég byrjaði á heldur hárri kröfu, Gunnar vissi það og

mótmælti, svo spjölluðum við og lentum þessu einfaldlega á samkomulagi sem var í takt við dómvenju og annað sem við þekktum alveg báðir.

#### **Málflutningur og undirbúningur**

Samstarfsfólk Vilhjálms til margra ára hefur á orði að Vilhjálmur hafi að eigin mati aldrei tapað máli. Þegar niðurstaðan hefur ekki verið honum í vil er dómurinn einfaldlega rangur. Vilhjálmur segir þó að það séu engin sérstök mál sem sitji í honum eftir ferilinn. „Ef eitthvað gekk illa þá gleymdist það bara fljótt. Ef það var héraðsdómur þá var honum gjarnan áfrýjað og oftast ekki breyttist niðurstaðan til betri vegar í Hæstarétti. Eitt mál sat þó lengi í mér en það var mál sem ég flutti fyrir löngu síðan í gamla Hæstaréttarhúsinu og var út af einhverjum skemmdum á bát. Ég man að ég hafði undirbúið mig sérstaklega vel fyrir málflutninginn. Lögmaðurinn sem flutti það á móti mér hafði greinilega ekki undirbúið sig mikið því hann var ekki með Hæstaréttarágripíð með sér, bara með einhver slitur af héraðsdómsstefnunni. Svo fluttum við málið og hans



skjólstæðingur vann. Þetta fannst mér mjög ósanngjarnt, eftir þetta skildi ég betur að það er kannski ekki bara frammistaðan í málflutningnum sem ræður úrslitum.“

Vilhjálmur segist venjulega hafa byrjað að undirbúa málflutning um það bil viku fyrir málflutningsdag. Honum fannst gott að leyfa málinu að vera bak við eyrað og leyfa huganum að vinna í því. „Málin voru að rúlla í hausnum á mér á kvöldin og þegar ég var að fara að sofa. Oft datt mér eitthvað í hug akkúrat þegar ég var að festa svefninn. Í mörg ár var ég með skrifblokk á náttborðinu ef ég vildi skrifa eitthvað niður.“ Vilhjálmur telur að reynslan skipti miklu máli í málflutningi og hann fann á sjálfum sér að hann átti auðveldara með að undirbúa málflutning og flytja mál eftir því sem árin liðu og málunum fjölgaði.

„Erfiðustu andstæðingarnir voru þeir sem komu málunum svo illa frá sér að þau voru lítt skiljanleg, þá var erfitt að taka til varna. Ég var þó yfirleitt stefnandamegin í málum og því mun fátíðara að ég væri til varnar. Ég hef flutt marga tugi mála gegn þeim lögmönnum sem mest voru að verjast fyrir tryggingafélögin. Það var mjög gott þegar það voru góðir lögmenn hinum megin. Til dæmis get ég nefnt Hákon Árnason en við fluttum alveg svakalega mörg mál á móti hvor öðrum, í mörg ár. Við treystum hvor öðrum fullkomlega og gátum rætt saman fyrir málflutning um það hvaða atriði við myndum leggja áherslu á. Þetta gerði málflutninginn mun einfaldari og skilvirkari. Valgeir Pálsson, Guðmund Pétursson og Kristínu Edwald vil ég líka

nefna. Mig grunar því miður að svona samskipti lögmanna séu á einhverju undanhaldi. Það hefði til dæmis aldrei tíðkast í gamla daga að senda gögn til dómstóla án þess að senda þau um leið til gagnaðila, en ég veit að það er allur gangur á þessu í dag. Menn mættu stundum hafa það í huga að lögmennskan er ekki bara eitt mál og ef þú ætlar að eiga langan feril þarftu að eiga traust hinna lögmanna í stéttinni.“

### **Dómstörfin**

Vilhjálmur var beðinn um það rétt eftir bankahrunið, nánar til tekið í nóvember 2008, að setjast í stjórn hins nýstofnaða Íslandsbanka. „Þetta var mjög krefjandi starf og margar erfiðar ákvarðanir sem við þurftum að taka, flestar voru þó réttar held ég.“ Aðspurður um viðbrögð réttarkerfisins eftir bankahrunið segir Vilhjálmur að augljóslega hafi reynt mikið á það á þessum tíma. „Mér fannst réttarkerfið heilt yfir höndla þetta mjög vel. Þarna kom skyndilega mikið af þungum, erfiðum og fordæmalausum málum. Dómstólar, aðallega héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur, náðu að leysa þetta heilt yfir mjög vel. Það sama held ég að megi segja um lögmenn, ég veit ekki betur en að þeir hafi flestir sinnt þessum málum vel.“

Vilhjálmur var dómari í eina málinu sem Landsdómur hefur tekið fyrir og dæmt. „Þetta var mjög athyglisvert, sérstaklega að hlusta á skýrslur sumra þeirra sem komu fyrir dóminn og mundu ekkert af því sem gerðist fyrir hrunið“. Vilhjálmur var svo skipaður dómari við Landsrétt



sumarið 2017 og hóf störf við dómstólinn þegar hann tók til starfa 1. janúar 2018. „Það hafði raunar ekkert blundað í mér að gerast dómari en ég hafði þó reynslu eftir að hafa verið dómari í Félagsdómi í átta ár. Þegar þessar stöður voru svo auglýstar þá hringdi einn vinur minn í mig og hvatti mig til að sækja um. Það var ekki fyrr en þá sem ég byrjaði að hugsa þetta og svo fór að ég sló til. Ég sá þetta líka sem ákveðinn punkt fyrir aftan lögmenskuna. Það getur verið erfitt að hætta sem lögmaður og segja nei við fólk eða fyrirtæki sem þú hefur unnið fyrir í mörg ár. Þá er fínt að geta bara sagt því miður ég má það ekki, ég er dómari núna. Maður hefur séð suma lögmenn sem geta ekki hætt en ég lofaði mér einhvern tíma, þegar ég sat í Hæstarétti og hlustaði á aldinn kollega minn lesa upp ræðu samstarfsmanns síns úr héraðsdómi, að ég myndi aldrei verða of lengi í lögmennsku. Það var gaman að kynnst nýju samstarfsfólki í Landsrétti. Þá var auk þess spennandi að taka þátt í því frá byrjun að setja á fót nýjan dómstól.

Vilhjálmur lét af störfum 1. september 2019 og var því dómari í 20 mánuði. Á þeim tíma vakti athygli margra að hann var sá dómari sem skilaði langflestum sératkvæðum. Ekki nóg með það heldur virðist sem mál, sem Vilhjálmur skilaði sératkvæði í, hafi jafnan fengið áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. Niðurstöður málanna í Hæstarétti tóku svo oft mið af sératkvæði Vilhjálms. Lausleg könnun sýnir að þetta brást nánast aldrei því aðeins einu sinni var dómur Hæstaréttar ekki í samræmi við sératkvæði Vilhjálms. „Er það þá ekki rangur dómur Hæstaréttar“ segir Vilhjálmur og hlær dátt. „Ef ég var ekki sammála hinum dómurunum og taldi að önnur niðurstaða væri rétt þá var ég ekki feiminn við að skila sératkvæði. Ég leit bara á það sem skyldu mína sem dómara að dæma eftir því sem ég taldi réttast lögum samkvæmt. Ég varð ekki var við að þetta færi neitt í taugarnar á öðrum dómurum eða að þetta hefði einhver áhrif á stemninguna í hópnum. Fólk bar virðingu fyrir því að ég væri á annarri skoðun og raunar tel ég að það gefi dómstólnum trúverðugleika og rétt yfirbragð að dómara séu ekki alltaf sammála.“

„Málflutningur getur skipt mjög miklu máli fyrir dómara og niðurstöðu máls. Oft kom það fyrir að í málflutningi sá ég nýja fleti á málinu sem ég hafði ekki hugsað um þegar ég las í gegnum málsgögnin, stundum skipti þetta máli. Aðalatriðið er þó að vanda undirbúning máls strax í upphafi og hafa málið þá þegar í þeim búningi að það þurfi engu eða litlu við að bæta. Ég held að það hafi hjálpað mér einna mest í lögmennsku að ég var mjög duglegur að afla gagna og leita að upplýsingum. Ég hafði mikið fyrir því að reyna

að hugsa um allt sem gæti mögulega lagt fram til sönnunar og fært fram sem rök til að styrkja málalutbúnað minn.“

„Ég tók eftir því þegar ungir lögmenn voru að flytja prófmál í Landsrétti að flóran er mikil, allt frá því að vera brillíant lögmenn og niður í það að vera frekar slakir. Það er bara eins og alltaf hefur verið. Ég lenti tvisvar í því að þurfa að tilkynna prófmanni að málflutningurinn hefði ekki dugað til þess að standast prófraun. Í báðum tilvikum reyndi ég að fara yfir það með lögmanninum hvað hefði farið úrskæiðis og hvað þyrfti að gera betur. Það gladdi mig afskaplega mikið þegar annar þessara prófmanna kom svo stuttu síðar aftur í málflutning og viti menn hann hafði hlustað á það sem ég sagði, og eflaust einhver annar leiðbeint honum líka í millitíðinni. Þetta var bara allt annar málflytjandi en við höfðum fylgst með skömmu áður.“

### **Starfslok og heilræði til ungra lögmanna**

Spurður um heilræði fyrir unga lögmenn segir Vilhjálmur að honum hafi alltaf fundist mikilvægt að taka ekki að sér önnur verkefni en þau sem hann var sáttur við að taka. „Svo er líka mikilvægt að koma fram við kollegana eins og þú vilt að þeir komi fram við þig. Þetta seinna er nú reyndar bara beint frá meistaranum frá Nasaret.“ Að lokum er Vilhjálmur spurður um það hvernig honum líði með að vera hættur að vinna. „Ég vil fyrst segja að ég er mjög ánægður með að sá sem tekur við af mér er Eiríkur Jónsson, strákur sem kom á stofuna til mín eftir þriðja árið í lögfræði og vann með mér í mörg ár. Og ég er mjög ánægður með að vera hættur. Ég hef ferðast mikið í sumar og spilað golf og ætla að halda því áfram. Líka að stunda hjólaferðir og fjallgöngur á Íslandi og erlendis. Og sinna svo barnabörnunum betur. Það sem mér finnst þó merkilegast er að ég finn að ég er að komast út úr því að sofna á kvöldin hugsandi um það sem ég þarf að gera í fyrramálið. Ég er að losna undan þessari lúthersku sektarkennd og stöðugu hugsun um það hvort ég sé ekki örugglega að gera allt nógu vel og hvort ég geti ekki örugglega gert eitthvað aðeins meira og betur.“

**Daníel Isebarn Ágústsson**

# HLUSTUNARÞÍPA DÓMSTÓLANNA

Síðastliðið sumar lét dómstólasýslan gera könnun meðal lögmanna og ákærenda til að kanna ánægju með ýmsa þjónustubætti og traust á dómstólunum. Með því að spyrja þá sem hafa að jafnaði flesta snertifleti við starfsemi dómstólanna, lögmenn og ákærendur, má fá mikilvægar upplýsingar um það sem betur má fara í dómskerfinu, gera nokkurs konar „heilbrigðisrannsókn“.

Könnunin var gerð af Gallup dagana 25. júní til 10. júlí 2019. Alls svöruðu 363 þátttakendur eða 32,9% en líta verður til þess að könnunin var gerð þegar sumarleyfistími var runninn upp. Einu sinni áður hefur könnun sem þessi verið gerð, árið 2016, og þá svöruðu 37,8%.

## Flestir telja málsmeðferð réttláta

Til að byrja með var spurt hversu sammála eða ósammála svarendur væru ákveðnum fullyrðingum. Á bilinu 84-89% voru sammála því að dómarmenn og starfsmenn héraðsdómstólanna, Landsréttar og Hæstaréttar ynnu störf sín af heilindum, virðingu og heiðarleika og gættu fyllsta trúnaðar. Svipað hlutfall taldi að málsmeðferð væri réttlát og opinber og að dómarmenn væru sjálfstæðir í dómstörfum. Svarendur voru flestir ánægðir með viðmót starfsmanna og dómara er snýr að samskiptum í gegnum tölvupóst, símsvörun og afgreiðslutíma erinda og fyrirspurna.

## Fjórðungur telur rökstuðning dóma áfátt í héraði

Alls 66% voru sammála fullyrðingunni um að dómarmenn og úrskurðir væru rökstuddir með fullnægjandi hætti hjá héraðsdómstólunum og 25% ósammála, 68% voru sammála fullyrðingunni varðandi Landsrétt en 17% ósammála og 81% voru sammála henni hjá Hæstarétti en 13% ósammála. Það er því ljóst að hærri dómstig þykja rökstyðja dóma betur en héraðsdómstólar.

## Málsmeðferðartími of langur

Í könnuninni töldu 29% þátttakenda málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum hæfilegan, 41% ívið of langan og 30% allt of langan. Í sömu könnun árið 2016 töldu 50% málsmeðferðartíma ívið of langan en 16% allt of langan. Þess má geta að meðal afgreiðsludagar munnlega fluttra einkamála í héraði var 351 árið 2018 sem er svipað og undangengin ár. Meðal afgreiðsludagar ákærumála var 103 árið 2018 en var í kringum 82 dagar árin á undan.

Þá töldu 45% málsmeðferðartíma hjá Landsrétti hæfilegan, en 51% of langan og 69% töldu málsmeðferðartíma hæfilegan í Hæstarétti, en 28% of langan.

## Óánægja með opnunartíma

Þótt að opnunartími dómstólanna sé ekki eitt af þeim atriðum sem mestu máli skiptir þegar kemur að þjónustu þeirra vakti athygli að ánægja með opnunartíma héraðsdómstólanna minnkaði talsvert, fór úr 74% árið 2016 niður í 65% í þessari könnun. Væntanlega má rekja þetta til þess að nýlega var tekin upp sú breyting að loka afgreiðslu Héraðsdóms Reykjavíkur í hádeginu. Áður en til þess kom var gerð könnun á álagspunktum sem sýndi að það var lítil umferð á þessum tíma og því kemur þessi niðurstaða á óvart. Þegar rafræn málsmeðferð verður orðin að veruleika munu lögmenn hætta að eiga erindi í dómhús svo væntanlega mun þetta vandamál leysast með tækninni.



Þá gerðu svarendur athugasemdir við að öll dómstigin þrjú væru að hringla með opnunartíma vegna sumarleyfa eða um jól en 75% voru ánægðir með opnunartíma Landsréttar og 67% með opnunartíma Hæstaréttar. Þessum athugasemdum hefur verið komið til forsvarsmanna dómstólanna.

#### **Tæknilegur aðbúnaður dómstólanna í eldlínunni**

Einungis helmingur þeirra sem tóku þátt í könnuninni eru ánægðir með tæknilegan aðbúnað hjá héraðsdómstólunum,

---

#### **HÉRAÐSDÓMUR**

78,5% AÐSPURÐRA VORU Í MESTUM SAMSKIPTUM VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJAVÍKUR SÍÐASTA ÁRIÐ OG 9,1% VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJANESS. ALLS 83% VORU ÁNÆGÐIR MEÐ ÞJÓNUSTU HÉRAÐSDÓMSTÓLANNNA OG 79% BERA MIKIÐ EÐA FULLKOMIÐ TRAUÐT TIL HÉRAÐSDÓMSTÓLANNNA.

---

#### **LANDSRÉTTUR**

72% AÐSPURÐRA HÖFÐU VERIÐ Í SAMSKIPTUM VIÐ LANDSRÉTT SÍÐASTA ÁRIÐ. AF ÞEIM VORU 78% ÁNÆGÐIR MEÐ ÞJÓNUSTUNA SEM ÞEIR FENGU OG 74% BERA FULLKOMIÐ EÐA MIKIÐ TRAUÐT TIL RÉTTARINS.

---

#### **MIKIÐ TRAUÐT TIL HÆSTARÉTTAR**

44% AÐSPURÐRA HÖFÐU VERIÐ Í SAMSKIPTUM VIÐ HÆSTARÉTT SÍÐASTA ÁRIÐ. AF ÞEIM VORU 85% ÁNÆGÐIR MEÐ ÞJÓNUSTUNA EN 84% BERA FULLKOMIÐ EÐA MIKIÐ TRAUÐT TIL HÆSTARÉTTAR.

---

eða 51%, á meðan 25% eru óánægðir. Yngri svarendur voru mun óánægðari en þeir eldri og ákærndur óánægðari en lögmenn. Dómstólasýslan vinnur nú að því að tæknivæða dómstólana og má geta þess að fyrr á þessu ári var tekið upp nýtt málaskrárkerfi en hið gamla var að stofni til frá árinu 1992. Málaskrárkerfið, sem hefur hlotið nafnið AUÐUR, verður grunnur að rafrænni málsmeðferð í framtíðinni en nú þegar er byrjað að senda kærúmál rafrænt milli héraðs og Landsréttar. Þá munu tölvuskjáiir í dómsölum héraðsdómstólanna verða komnir upp fyrir áramót ásamt því að verið er að skoða innleiðingu á fjarfundarbúnaði samhliða. Fleiri breytingar eru í farvatninu m.a. varðandi rafræna gátt til framlagningar gagna sem lögmenn munu þá hafa aðgang að. Í Landsrétti voru 78% ánægðir með tæknilegan aðbúnað og einungis 2% óánægðir.

## Leitarvél heimasíðu gagnrýnd

Ánægja með heimasíðuna [www.domstolar.is](http://www.domstolar.is) minnkaði milli kannana 2019 og 2016. Ánægðir eru nú 66% en óánægðir eru 20%. Yngri lögmenn og ákærendur eru mun óánægðari heldur en þeir eldri en þess má geta að vefsíður skoruðu einna hæst varðandi mikilvægi í þjónustu dómstólanna. Í opnum svörum var helst fundið að því að leitarvél væri ófullnægjandi en dómstólasýslan hefur nú þegar haldið fund með þjónustuaðilum heimasíðunnar til að ræða hvernig hægt sé að bæta úr því. Þá var bæði fundið að því að heimasíða dómstólanna væri orðin of snjallsímavædd og að hún hentaði engan veginn snjallsímum, dagskráin næði ekki nógu langt fram í tímann og fleira. Þess má geta að dómstólasýslan hefur óskað eftir samstarfi við Lögmannafélag Íslands til að búa til rýnihóp um heimasíðuna.

Alls voru 78% ánægðir með heimasíðu Landsréttar og 10% óánægðir. Helstu athugasemdir komu fram við að dómur birtust sem pdf skjal sem þýddi að erfitt væri að afrita texta þegar á þyrfti að halda. Þá komu fram athugasemdir við að leitarvél virkaði ekki nógu vel og að erfitt væri að skoða síðuna í síma. Mest ánægja var með heimasíðu Hæstaréttar, en 83% voru ánægðir með hana og einungis 7% óánægðir.

## Gagnsemi kannana sem þessara

Það er vissulega ánægjuefni hvað lögmenn og ákærendur bera almennt mikið traust til dómstólanna og starfsfólks þeirra enda þekka þeir best til starfa þeirra.

Sumar af þeim athugasemdum sem fram komu í könnuninni er auðvelt að bregðast við en aðrar snúa að fjármagni sem sett er í þennan málaflokk og eru langtímaverkefni.

Útkoman könnunarinnar gagnvart dómstólunum var í heild vel ásættanleg en athyglisvert er að sjálfstætt starfandi lögmenn voru síður jákvæðir en fulltrúar og innanhúss-lögmenn.

Þá voru þeir sem eiga samskipti við héraðsdómstóla á landsbyggðinni yfirleitt jákvæðari en þeir sem eru á höfuðborgarsvæðinu og konur jákvæðari en karlar. Aftur á móti voru karlar ánægðari með þjónustu Landsréttar en konur.

Dómstólasýslan leggur mikla áherslu á áframhaldandi tæknivæðingu dómstólanna næsta árið og mun vissulega skoða allar þær athugasemdir sem fram komu í könnuninni og bregðast við þeim eins og kostur er.

Þátttakendum eru færðar bestu þakkir fyrir endurgjöfina.

## Athugasemdir þátttakenda til héraðsdóms

- Að taka upp rafræna málsmeðferð sem allra fyrst.
- Bæta mætti aðstöðu lögmanna við dómara, aðbúnaðurinn er eiginlega ekki boðlegur.
- Flýta málsmeðferðartíma, ekki réttlætandi að fjöldi héraðsdómara sé mun meiri en áður, málafjöldi minni en áður en málsmeðferðartími (t.d. bið eftir aðalmeðferð) lengri hjá mörgum dómurum en áður.
- Óásættanlegt að það sé lokað í hádeginu í Héraðsdómi Reykjavíkur. Það er einmitt tíminn sem margir hafa til að erindast, þ.m.t. til að sækja og skila í dóminn.
- Hversu lengi dómari er að kveða upp dóm/úrskurð.
- Skortur á rafrænni stjórnslu og rafrænni meðferð mála. Fyrirkomulag á vitnaboðun og tímaskipulagi vitnaleiðsla í einkamálum mætti endurskoða og héraðsdómur mögulega koma nánar að því.
- Getur oft verið klúðurslegt þegar lögmenn sjá einir um að tímasetja vitni þegar þau eru mörg.
- Úthlutun þrotabúa. Þarf að færa þetta meira í nútímann.
- Málsmeðferðartími útvistarmála er allt of langur.
- Mjög brýnt að bæta tækjabúnað, hafa fjarfundabúnað, skjávarpa og tjald í öllum dómsölum.

## Athugasemdir þátttakenda til Landsréttar

- Lítil rökstuðningur í dómum.
- Sumaropnunartími skrifstofu er alltof stuttur og boðanir frá dómnum endurspeglar ekki dómsathafnir s.s. boðað í fyrirtöku þegar um er að ræða munnlegan flutning.



**Mörkin lögmennastofa hf.**  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · [www.law.is](http://www.law.is)



- Vantar meiri rafræna stjórnýslu og tengingu milli dómstiga. Það er t.d. úrelt og óumhverfisvænt að við áfrýjun einkamála þurfi að fá útprentaða stimplað eintak af hinum áfrýjaða dómi í héraðsdómi og fara með pappírseintakið í Landsrétt ásamt áfrýjunarstefnu. Að öðru leyti almennt góð þjónusta og gott viðmót hjá Landsrétti.
- Reglur um kærungálgögn eru of viðamiklar og flóknar. Stundum þarf að kæra „einfaldar“ úrlausnir héraðsdómstóla og þá er óþarfi að lögmennt séu marga daga að fönndra kærungálgagnapakka fyrir virðulegan Landsréttinn.
- Það mætti skerpa á reglum um undirbúningsþinghöld.
- Allt hringl með opnunartíma veldur vandræðum.
- Fráleitt að þurfa að skila til HR greinargerð og málsögnum, öðrum en þeim sem lágu fyrir í Landsrétti, auk viðbótargagna, áður en umsókn um kæruleyfi er afgreidd.
- Málflutningstími er yfirleitt of skammur, með réttu ætti að heimila lengri málflutningstíma ef ætlan dómara er að láta málflutning skipta máli við úrlausn máls.
- Málskotsbeiðnir eru veittar í alltof fáum tilvikum.
- Málskostnaðarákvarðanir mættu vera rökstuddar.
- Meiri sveigjanleiki við ákvörðun um tímasetningar aðalmeðferða o.s.frv.
- Það er of mikil fjarlægð á samskiptum í Hæstarétti. Landsrétti hefur tekist að skapa annað andrúmsloft í samskiptum við lögmennt en gildir í Hæstarétti.

#### Athugasemdir þátttakenda til Hæstaréttar

- Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er andstætt lögum.
- Skoða ekki mál nægilega vel.
- Búið er að „snjallsímavæða“ síðuna. Hún var betri eins og hún var áður.
- Leitarvél fyrir dóma er afar ófullkomin og ætti að vera auðvelt að bæta.

[Eyrún Ingaóttir tók saman](#)

# Góð þjónusta um land allt



Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla.



Þínar þarfir - okkar þjónusta



**Bíla-leigubílar heima og erlendis**  
Aðalnúmer 461 6000 • [www.holdur.is](http://www.holdur.is)

# NÝ STJÓRN FÉLAGS KVENNA Í LÖGMENNSKU

AÐALFUNDUR FÉLAGS KVENNA Í  
LÖGMENNSKU VAR HALDINN  
MIÐVIKUDAGINN 25. SEPTEMBER SL. OG  
AÐ LOKNUM FUNDI TÓK VIÐ NÝ STJÓRN  
SVO SKIPUÐ:

Formaður: Auður Jónsdóttir, lögmaður  
Aðalstjórn: Þuríður Sigurjónsdóttir, lögmaður  
Ragnheiður E Þorsteinsdóttir, lögmaður  
Margrét Anna Einarsdóttir, lögmaður  
Júlí Ósk Antonsdóttir, lögmaður  
Varastjórn: Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður  
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður



Fulltrúar fráfarandi stjórnar og nýkjörinnar stjórnar. Ragnheiður E. Þorsteinsdóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Kolbrún Garðarsdóttir og Margrét Anna Einarsdóttir. Nýr formaður, Auður Jónsdóttir, var lasin og gat því ekki mætt á aðalfundinn.

## SÍÐARI HLUTI NÁMSKEIÐA HAUSTANNAR

Úrlausn ágreiningsmála fyrir gerðardómi

Megindrættir evrópsks orkuréttar

Árangursrík samskipti við fjölmiðla

Dómar EFTA- og Evrópudómstólanna um neytendavernd og óréttmæta samningsskilmála

Endurskoðun dómstóla á matskenndum ákvörðunum stjórnvalda

Drafting and Negotiating International Contracts

International Corporate Governance – an introduction

Allar upplýsingar um námskeið Lögmannafélag Íslands er að finna á heimasíðu félagsins, [www.lmfj.is](http://www.lmfj.is).

Stjórn námssjóðs fagnar nýjum tillögum að námskeiðum.

Tillögur og óskir um námskeið sendist á

Marín G. Hrafnisdóttur, [marin@lmfi.is](mailto:marin@lmfi.is)



Örugg eyðing gagna

# FULLVISSA

**GAGNAEYÐING**

Bæjarflöt 7 • 112 Reykjavík • Sími 568 9095 • [gagnaeyding.is](http://gagnaeyding.is)

# MARGT BÝR Í SKIKKJUNNI

Í SVÍÞJÓÐ OG FINNLANDI TÍÐKAST EKKI AÐ LÖGMENN BERI SKIKKJUR ÞEGAR ÞEIR FLYTJA MÁL FYRIR DÓMSTÓLUM, EKKI EINU SINNI Á HÆSTA DÓMSTIGI. Í DANMÖRKU ÞURFA LÖGMENN EKKI AÐ BERA SKIKKJUR Í HÉRAÐSDÓMI EN Í NOREGI OG Á ÍSLANDI ER SKIKKJAN Í HÁVEGUM HÖFÐ ÞÓTT NORÐMENN GERI STUNDUM UN DANTEKNINGAR FRÁ SKIKKJUNOTKUN Í HÉRAÐSDÓMI.

Reglur um skikkjunotkun lögmanna og dómara í réttarsal virðast vera afar mismunandi á Norðurlöndunum og eru Íslendingar og Norðmenn fastheldnastir á skikkjuna. Lögmannaþaðið sendi fyrirspurn um málið til norrænu lögmannafélagana og grennsaðist fyrir um hefðina sem að baki liggur. Spurningin vakti athygli og virtust menn almennt ekki hafa áttað sig á því hversu ólíkar reglurnar eru á milli landanna. Danir voru t.a.m. hissa á hvað þetta væri frábrugðið hjá þeim og því sem tíðkast í Finnlandi og Svíþjóð, en þar eru skikkjur ekki notaðar á neinu dómstigi.

Okkar hefðir og reglur varðandi klæðnað lögmanna og dómara í réttarsal koma án efa frá Danmörku. Þótt danskir lögmenn og dómara hafi borið skikkju á herðum sér allt frá árinu 1688 í hæstarétti og hafi tekið upp skikkjunotkun í Sjó- og viðskiptadómstólunum árið 1920 eru Danir frábrugðnir okkur hvað varðar notkun lögmannaþaðið í héraðsdómi. Það eru reyndar örfá ár síðan, eða árið 2009, að það var ákveðið að dómara skildu klæðast skikkjum í héraðsdómi líkt og dómara í landsrétti og hæstarétti og mætti sú ákvörðun nokkurri andstöðu. Dómaraþir í „Byretten“ og skikkjurnar þeirra urðu ekki einvörðungu að pólitísku deilumáli vegna þess að hefð er fyrir því að rétturinn ráði sjálfur í slíkum málum heldur var á sama tíma kynnt til sögunnar reglugerð sem takmarkaði ákvörðunarrétt dómstólanna í að leyfa klæðnað sem fæli með einhverjum hætti í sér trúarleg og/eða pólitísk tákni. Þóttu nýju reglurnar því merki um skerðingu á tjáningarfrelsi. Lögmenn mega heldur ekki klæðast eða



Á Bókasafni Lögmannafélagsins er skikkja Eggerts Claessen hæstaréttarmálflutningsmanns varðveitt. Eggert stofnaði Málflutningsmannafélag Íslands ásamt Sveini Björnssyni árið 1911, nafni þess félags var síðan breytt í Lögmannafélag Íslands árið 1945.

bera á sér trúarleg tákni en eftir sem áður bera þeir ekki skikkjur á héraðsdómstigi, einungis í hæstarétti. Umræðan um dómarskikkjurnar hefur fjarað út og skikkjurnar virðast orðnar viðurkenndur hluti starfseminnar hjá héraðsdómstólunum.

Í Noregi virðist ekki hafa verið mikil umræða, frekar en á Íslandi, um hvort og þá hvenær rétt sé að bera skikkjur í réttarsal. Þar, eins og hér, er skikkjan viðurkenndur hluti réttarhaldanna en þó er skikkjunotkunin ekki algild í héraðsdómi. Lögmaður sækjanda er yfirleitt ekki í skikkju við héraðsdóm í Noregi og eins eru skikkjur sjaldan notaðar ef dómshald er haldið strax að undangengnu þinghaldi í munnlegum málflutningi og að eigin vild. Í hæstarétti og landsrétti bera dómara og lögmenn ávallt skikkjur.



---

PÓTT DANSKIR LÖGMENN OG DÓMARAR HAFI  
BORIÐ SKIKKJU Á HERÐUM ALLT FRÁ ÁRINU  
1688 Í HÆSTARÉTTI ERU DANIR FRÁBRUGÐNIR  
OKKUR HVAÐ VARÐAR NOTKUN  
LÖGMANNSSKIKKJUNNAR Í HÉRAÐSDÓMI.

---

### Vald skikkjunnar og virðing

Umgjörðin í réttarsal er mikilvæg og réttarvenjur undirstrika alvarleika mála. Reglur réttarins og venjur eru nokkurs konar mótvægi við skapandi hugmyndir hverju sinni. Þó eru verulega skiptar skoðanir um hvort skikkjan sé gamaldags tákni um yfirvald og lagskipt þjóðfélag, sem eigi lítið erindi í nútímapjóðfélagi eða nauðsynlegur klæðnaður sem undirstrikar að sá sem um ræðir sé embættismaður, laganna þjónn og hluti réttarkerfisins. Með því að klæðast skikkjunni má öllum vera ljóst að verið sé að sinna ákveðnu hlutverki og að lögmenn og dómarar komi fram sem fulltrúar dómsvaldsins en ekki í eigin nafni. Skikkjan skapar einnig vissa fjarlægð og þegar í réttarsalinn er komið vita allir hver er í hvaða hlutverki. Skiptar skoðanir eru þó á því hvort þessi fjarlægð og undirstrikun á hlutverkum sé góð eða ekki. Í Danmörku voru t.a.m. margir dómarar á móti því að taka upp þann sið að bera skikkjur við héraðsdóm. Þeir vildu meina að það skapaði óþægilega fjarlægð og að fólki gæti reynst erfiðara að tjá sína meiningu í t.d. hjúskapar- og forræðismálum þegar sá sem ræddi við þau, um afar persónuleg mál, sæti með dökka skikkju á herðum.<sup>1</sup>

### Aldagamlir helgisíðir eða nauðsynleg umgjörð?

Þegar lögmaður eða dómari ganga inn í dómstólinn eru þeir ekki einstaklingar heldur fyrst og fremst tákmyndir embættisins og réttarríkisins. Hin svarta skikkja undirstrikar einnig að allir séu jafnir fyrir lögum og alvarleika stundarinnar í réttarsal. Þar er fyrst og fremst vísað til hefða, lög skulu byggð á fordæmum og sönnunum en ekki tískusveiflum eða óskum hverju sinni. Skikkjan hefur enda lítið breyst í þær sjö aldir sem hún hefur verið við lýði í heiminum og er þannig hluti af vissum helgisíðum sem hafa tíðkast lengi. Hún er partur af því að ljá virðingu og nokkurs konar ódauðleika, enda má rekja margt í dómahaldi til hefða hins kirkjulega valds.

### Virðulegri svip á réttinn

Hér á landi virðast réttarvenjur vera í nokkuð föstum skorðum og er skikkjan notuð af dómurum og lögmönnum á öllum dómsstigum. Einkennisklæðnaður fyrir dómara og lögmenn var tekinn upp þegar hið nýstofnaða fullvalda ríki eignaðist sinn hæstarétt árið 1920. Það voru fyrstu hæstaréttardómararnir þeir Eggert Claessen og Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands, sem lögðu mikla áherslu á að dómarar og lögmenn klæddust sérstökum skikkjum við málflutninginn til samræmis við réttarvenjur í Danmörku. „Okkur tókst að fá dómara til þess að nota sérstaka dómaraþúfa í réttinum og samþykkja, að málfærslumennirnir væru einnig í sérstökum þúfum. Var það hugsunin m.a. að setja á þann hátt virðulegri svip á réttinn.“<sup>2</sup>

### Færri fellingar og léttara efni

Ekki er hægt að tala um tískustrauma en skikkjan hefur þó breyst örlítið að sögn klæðskeranna hjá Eðalklæðum sem sauma flestar lögmanna- og dómarskikkjur hérlendis. Þær eru ekki eins víðar og efnismiklar og áður, hafa færri föll og eru úr betra efni. Héraðsdómsskikkjurnar eru úr ull og með flauels boðungum, hæstaréttarskikkjurnar eru úr satín ull og skarta satín boðungum. Sú fyrrnefnda kostar nú kr. 95.000 en sú úr með satín-ullinni kr. 142.000. Góðar skikkjur endast í áratugi og því um langtímafjárfestingu að ræða.

Íslensku skikkjurnar eru svartar með kóngabláum boðungum. Áður var í gildi reglugerð um skikkjur dómara og



<sup>1</sup> <https://www.dr.dk/nyheder/indland/byretsdommere-baerer-kapper-fra-i-dag>

<sup>2</sup> Guðmundur Magnússon, JPV útgefandi. (2017). Claessen: Saga fjármálamanns. Bls. 202

málflytjenda en hún féll úr gildi árið 1996. Í Þingreglum héraðsdómara á heimasíðu dómstólasýslunar segir: „Embættisdómarar beri ávallt skikkjur í þinghöldum í dómsölum. Þess er óskað að málflytjendur geri hið sama við aðalmeðferð mála eða munnlegan málflytning.“<sup>3</sup>

### Áhrif hins geistlega og konunglega

Sú hefð að dómara klæðist skikkjum eða slám á upptök sín í Bretlandi á 14. öld. „Sá klæðnaður var þó ekki alls kostar óvanalegur í þá daga því þeir sem heimsóttu konungshöll Eðvarðs þriðja konungs klæddust slíkum skikkjum.“<sup>4</sup> Klæðnaður lögmanna og dómara á þannig uppruna sinn í konunglegri hefð en einnig minnir skikkjan um margt á klæðnað munda og kirkjunnar manna enda fór sú stétt manna með hið konunglega vald og var ábyrg fyrir reglum, boði og bönnum.

Dómaraklæðnaður var þó afar mismunandi á milli þjóða en grunnatriðin voru þau að Evrópskir dómara á síðmiðöldum báru hempur með ermum og yfir þær víðerma sloppa eða hempur með fellingum úr ull eða silki. Háttsettir dómara máttu klæðast ermalausum skikkjum og einnig lokuðum möttlum með hettum. Við hátíðleg tilefni klæddust þeir oft styttri skikkjum eða kápum sem nefndust „manteau“ á frönsku.<sup>5</sup> Litur var mismunandi eftir löndum en lengi vel

---

Í NOREGI VIRÐIST EKKI HAFI VERIÐ MIKIL UMRÆÐA UM HVORT OG ÞÁ HVENÆR RÉTT SÉ AÐ BERA SKIKKJUR Í RÉTTARSAL. ÞAR ER SKIKKJAN VIÐURKENNDUR HLUTI RÉTTARHALDANNA EN ÞÓ ER SKIKKJUNOTKUNIN EKKI ALGILD Í HÉRAÐSDÓMI.

---

var vínrauður litur áberandi en svartur liturinn virðist þó víðast hvar hafa náð að festa sig í sessi sem aðallitur réttarins.

Töluverð umræða hefur átt sér stað um þær hefðir sem ríkja í réttarsal síðustu ártaugina. Bandaríkin og mörg Evrópuríki hafa slakað á reglugerðum varðandi klæðnað dómara og nú er t.a.m. valfrjálst fyrir dómara í Bretlandi að bera hvítu hárkolluna enda þótt margir kjósi að halda í hina bresku hárkolluhefð.<sup>6</sup> Það vekur því nokkra furðu hversu lítil umræða hefur verið um skikkjuna héraðs og þær ólíku reglur sem gilda um notkun hennar á Norðurlöndunum.

Marín Guðrún Hrafnadóttir

<sup>3</sup> <http://domstolasyslan.is/domstolasyslan/reglur/thingreglur-heradsdomstola/>

<sup>4</sup> Árni Helgason. „Hvaðan kemur sú hefð að lögmenn og dómara klæðist skikkjum í réttarsölum?“ Vísindavefurinn, 8. júní 2009.

<sup>5</sup> <https://www.encyclopedia.com/fashion/encyclopedias-almanacs-transcripts-and-maps/legal-and-judicial-costume>

<sup>6</sup> Hárkollan var fyrr á tímum gerð úr mannhári en nú er notast við hvítt hrossahár.



FORVINNSLA PRENTUN FRÁGANGUR

**Litla & prent**





ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®

## AF MERÐI LÖGMANNI

Mörður hefur verið illa haldinn af heimsósómakasti síðustu misserin. Megnið af tíma hans hefur farið í að reyna að auka veltuna á stofunni og fjölga verkefnum án þess að það hafi borið neinn árangur. Appið sem sonur þriðju sambýliskonunnar hannaði hérna um árið til þess að fjölga kúnum komst aldrei almennilega í gagnið og Mörður botnaði eiginlega aldrei í því hvernig það átti að virka. Einhver braust inn á heimasíðu Marðar og setti þangað inn skilaboð um hvað Mörður væri lélegur pappír og vondur lögmaður – þannig að Mörður neyddist til þess að loka síðunni og hefur ekki ráð á að borga vefhönnuði fyrir að hanna nýja síðu fyrir stofuna, ekki í bili að minnsta kosti. Þrátt fyrir þessi áföll hefur Mörður svo sannarlega ekki setið auðum höndum heldur reynt að búa sér til fleiri ábatasöm verkefni. Fyrir nokkrum árum hóf Mörður samstarf við útfararþjónustu um að veita viðskiptavinum þjónustunnar (og tilvonandi viðskiptavinum) ráðgjöf um erfðamál og einkaskipti á dánarbúum. Um tíma gekk það ágætlega en þegar erfðaskrá sem Mörður hafði einn vottað var ógild með dómi og hann dró að ganga frá einum einkaskiptum og gera upp við kúnnanna slitnaði upp úr samstarfinu. Eftir þetta komst á samstarf með Merði og verkfræðistofu sem sérhæfði sig að finna myglu í húsnæði og var opnuð heimasíða vegna þjónustunnar, [www.mygludhus.is](http://www.mygludhus.is). Ekki gekk það betur – og eftir að fyrsta dómsmálinu sem Mörður höfðaði vegna galla í formi myglusvepps var vísað frá vegna vanreifunar og skorti á lögvörðum hagsmunum aðallega vegna misskilnings dómsins um að ekki væri hægt að gera viðurkenningarkröfu um skaðabótaskyldu og fjárkröfu til heimtu skaðabóta í einu og sama málinu – ákvað verkfræðistofan að taka upp samstarf við þekktan fasteignagallasérfræðing í stað Marðar.

Meðan á þessu brasi Marðar stóð fækkaði öðrum verkefnum hans. Er enda ekki furða þegar löggjafinn hefur sett alls konar lög til höfuðs sérhæfðum innheimtulögmönnum eins og Merði sem takmarka hvað megi rukka og setja síðan alls konar skyldur á lánveitendur að gera ekki hitt og þetta eða gera hitt og þetta til þess að mega lána peninga. Svo ekki sé talað um að bankarnir eru hættir að veita víxillán og stunda tékkviðskipti en fyrir aldarfjórðungi þótti Mörður vera einn af fjórum helstu sérfræðingum landsins í víxla- og tékkarétti og var meira að segja fenginn þrisvar til þess að koma sem gestafyrirlesari í almennum hluta kröfuréttarins í Háskóla Íslands. Einhvern veginn náði Mörður hins vegar aldrei að setja sig almennilega inn í þessa yfirdrætti, debetkort og rafræn smálán sem nú tröllríða öllu og enginn banki leitar lengur til hans um innheimtu eða ráðgjöf um það hvernig best er að innheimta hjá vanskilamönnum. Um tíma var hann að hugsa um að höfða mál gegn ríkinu fyrir skerðingu á stjórnarskrárvörðu atvinnufrelsi innheimtulögmanna en einhvern veginn komst hann aldrei almennilega í að klára stefnuna.

Mörður velti því fyrir sér um árið að sækja um stöðu héraðsdómara þegar Landsréttur var stofnaður enda hefur hann staðfestingu héraðsdómstólanna um að enginn lögmaður hafi fengið fleiri stefnur áritaðar en hann þótt flutt mál hans séu í engu samræmi við fjölda mála sem hann hefur höfðað fyrir umbjóðendum sína. Merði tókst hins vegar ekki að fá nokkurn kollega til þess að votta að reglusemi hans væri í engu ábótavant. Alls konar misskilningur og leiðindi í gegnum tíðina voru tíunduð í samtölum við kollegana sem hann leitaði til um meðmæli eins og þegar hann var handtekinn fyrir þvaglát á almannafæri í stóra átaki LRH veturinn 2006 – 2007. Mörður ákvað því að best væri að láta þar við sitja.

Verkefni Marðar samanstanda núna helst af stöku reikningum sem honum eru faldir til innheimtu á reikningum, tilfallandi erfðaskrá, kaupmálum eða í besta falli skilnaðarmáli. Dómstólarnir eru löngu hættir að senda honum nokkur bú sem Merði finnst helvíti hart enda þótti hann röskur skiptastjóri. Reyndar dögudu þrjú eða fjögur bú óvart uppi þegar hann var störfum hlaðinn í stýrihópi landbúnaðarráðherra um framtíðartillögur að nýsköpun í landbúnaðarþróunarmálum – og öllum sjö undirnefndunum, hérna um árið. Engin verkefni koma lengur í gegnum Framsóknarflokkinn eftir að Mörður ákvað að fylgja þeim hluta sem klauf sig frá flokknum og stofnaði Miðflokkinn. Gömlu vinirnir í Framsókn svara ekki einu sinni símtölum Marðar lengur og hann er ekki á Facebook.

Þrátt fyrir stöðuna hjá Merði virðast kollegarnir hins vegar almennt hafa nóg að gera og þá sérstaklega hinir yngri. Mörður skilur reyndar ekki hvers vegna kúnnar yfirhöfuð leita til ungra

lögmannna af húsbreifa- eða mememe-kynslóðinni sem reynslulausir eru með öllu en virðast hafa nægan tíma til þess að hanga á samfélagsmiðlum, birta sjálfmyndir af sér, kenna jóga, keppa í járnkarlinum og krossfitt og skrifa greinar í dagblöðin um allskonar hjóm eins og nauðsyn þess að „kjarna sig“ eða að flokka plast. Svo eru sumir kollegarnir sífellt að skrifa greinar í fyrirskipunartón til Alþingis eða einstaka ráðherra um hvað þeir sömu eigi að gera eða ekki gera í einstaka málaflokkum eða lagasetningu. Mördur botnar ekki í því hvernig, hvenær og þá hvort þessir lögmenn vinni eiginlega. : Þegar hann var ungur fulltrúi hjá Njáli Þorfinnssyni,“ fyrsta eiginlega“ lögmanni Íslands, vann hann ævinlega fram að kvöldmat og aðra hvora helgi. Frítíminn var nýttur til þess að vinna í raðhúsinu í Grafarvogi og „til að fara á“ mögulega einstaka ball á Sögu, Borginni eða Hollywood eftir partý í heimahúsi þar sem hitað var upp með nokkrum vænum romm í kók úr glerflöskum.

Mördur hefur hins vegar alltaf stært sig af því að vera ekki eins og sumar steinrunnar risaeðlur í stéttinni sem neita að þróast og breytast í takt við tímana. Í samræmi við það hefur Mördur nýverið skráð sig á jóganámskeið og ritað drög að opnu bréfi til dómsmálaráðherra til birtingar í blöðunum á næstu dögum með yfirskriftinni: ENGINN VILL AÐ SKJÖL TIL FRAMLAGNINGAR Í DÓMI VERÐI RAFRÆN.

## PARKANDFLY


### Ert þú að fara til **útlanda**?

Við sjáum um **Bílinn** þinn á meðan

- Bílageymsla inni & úti
- Alþrif & Bón



# Parkandfly.is



Vertu með okkur | Sími: 680-0000

# ÁHRIF NÝRRAR PENINGAÞVÆTTIS- LÖGGJAFAR Á STÖRF LÖGMANNA

KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR LÖGMAÐUR



Hinn 1. janúar 2019 tóku gildi lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018 (þþvl.), sem á sama tíma felldu úr gildi eldri lög um sama efni. Þótti vera tilefni til þess að fara í heildarendurskoðun á þá gildandi lögum í þeim tilgangi að gera úrbætur, m.a. til þess að uppfylla þær lágmarkskröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi og um leið bregðast við athugasemdum sem íslenska ríkið fékk við úttekt FATF<sup>1</sup> (e. *The Financial Action Task Force*) hér á landi á vörnum Íslands gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá hafa einnig verið settar reglugerðir með stoð í ákvæðum laganna.

Lögin voru samin til innleiðingar á svokölluðu fjórðu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins (2015/849/EB) og að hluta til þeirri fimmtu (2018/843/EB).

## Lögmenn eru tilkynningarskyldir aðilar

Meginefni laganna snýr að þeim skyldum sem hvíla á tilkynningarskyldum aðilum. Með gildandi löggjöf voru fleiri aðilar felldir undir gildissvið laganna, þ.á.m. lögmannsstofur, sbr. m-liður 1. mgr. 2. gr. þþvl. Þannig eru lögmannsstofur, lögmenn og aðrir sérfræðingar (t.d. lögfræðingar) tilkynningarskyldir aðilar í tilvikum þegar um er að ræða þá umsýslu og ráðgjöf sem talin er upp í sex tölulíðum ákvæðisins. Orðalag ákvæðisins er víðfeðmt og má leiða líkur að því að flestir, ef ekki allir lögmenn, komi með einum eða öðrum hætti að verkefni sem fellur undir gildissvið laganna.

## Gerð áhættumats og tilnefning ábyrgðaraðila

Öllum tilkynningarskyldum aðilum er gert skylt að framkvæma svokallað *áhættumat* á starfsemi sinni. Áhættumat er skrifleg og rökstudd greining á rekstri og viðskiptum hins tilkynningarskylda aðila. Er farið yfir mögulega áhættuþætti

---

ÖLLUM TILKYNNINGARSKYLDUM AÐILUM ER  
GERT SKYLT AÐ FRAMKVÆMA SVOKALLAÐ  
ÁHÆTTUMAT Á STARFSEMI SINNI.

---

í starfsemi tilkynningarskyldra aðila í þeim tilgangi að greina hvar helstu ógnir og veikleikar kunni að vera til staðar vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka. Skoða þarf hvar hætta er á að starfsemi lögmanna verði misnotuð af aðilum sem leita eftir þjónustu þeirra.

Áhættumat tilkynningarskyldra aðila skal taka mið af áhættumati sem unnið var af hálfu ríkislögreglustjóra, sbr. 4. gr. þþvl. Í áhættumati ríkislögreglustjóra var notast við fjóra áhættuflokka, nánar tiltekið lítil, miðlungs, veruleg eða mikil áhætta. Það var niðurstaða ríkislögreglustjóra að áhætta tengd peningaþvætti í störfum lögmanna væri mikil. Áhættumatið er að finna á heimasíðu embættisins, sbr. <https://www.logreglan.is/utgafa-ahaettumats-fyrir-peningathvaetti-og-fjarmognun-hrydjuverka/>.

Auk þess að taka mið af niðurstöðum ríkislögreglustjóra tekur áhættumat einnig mið af stærð, eðli og umfangi á starfsemi tilkynningarskylds aðila hverju sinni. Þá ber að uppfæra áhættumat á a.m.k. tveggja ára fresti eftir gerð þess. Segja má að niðurstaða áhættumatsins kunni að stýra umfangi annarra þátta sem fylgja í kjölfarið, svo sem fyrirkomulagi innra eftirlits, umfangi áreiðanleikakönnunar o.fl. Sérstakt lögbundið eftirlit er af hálfu eftirlitsaðila (RSK) með gerð og eftirfylgni við áhættumat hjá sérhverjum tilkynningarskyldum aðila.

Þá er öllum tilkynningarskyldum aðilum skylt að *tilnefna sérstakan ábyrgðarmann* úr hópi stjórnenda. Tilkynna skal um tilnefningu ábyrgðarmanns til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og til viðeigandi eftirlitsaðila. Í tilkynningu skal upplýsa um nafn ábyrgðarmanns, netfang, símanúmer og þá stöðu sem hann gegnir hjá hinum tilkynningarskylda aðila.

Starfsskyldur ábyrgðarmanns eru umtalsverðar. Ábyrgðarmaður er fyrst og fremst tengiliður annars vegar gagnvart stjórn og starfsmönnum hlutaðeigandi fyrirtækis og hins vegar gagnvart viðeigandi stjórnvöldum. Auk þessa má í dæmaskyni nefna verkefni eins og innleiðing á stefnum, reglum og verkferlum, umsjón með þjálfun og fræðslu til starfsmanna, móttaka tilkynninga frá starfsmönnum, vinna tilkynningar áfram, leggja mat á áhættu innan rekstrar hverju sinni, framkvæma úttektir og viðhafa innra eftirlit ásamt því að tryggja upplýsingaflæði til stjórnar, þ.m.t. gerð árlegrar skýrslu.

#### **Önnur lögbundin verkefni tilkynningarskyldra aðila**

Auk gerð áhættumats og tilnefningu ábyrgðaraðila leggja lögin fjölmargar aðrar skyldur á herðar tilkynningarskyldum aðilum. Ber þar fyrst að nefna gerð *áreiðanleikakönnunar* á viðskiptavinum, hvort sem um ræðir einstaklinga og lögaðila. Slík könnun hefur þann megintilgang að sannreyna deili á viðskiptamanni og raunverulegum eiganda, þar sem það á við, ásamt öðrum aðilum sem hafa heimild til þess að koma fram f.h. viðskiptamanns.

*Rannsóknar- og tilkynningarskylda* hvílir á sérhverjum tilkynningarskyldum aðila. Í því felst að tilkynningarskyldum aðilum er skylt að rannsaka öll grunsamleg viðskipti og kanna bakgrunn og tilgang þeirra, að því marki sem unnt er. Ef athugun leiðir í ljós vitneskju eða grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka ber að tilkynna viðskiptin til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Þá kveða lögin jafnframt á um *fræðsluskyldu og þjálfun starfsmanna*, þ.e.a.s. tilkynningarskyldir aðilar skulu sjá til þess að starfsmenn þeirra hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Innleiða þarf skýra stefnu um þjálfun starfsmanna, sem ber að fara fram strax við upphaf starfstíma og svo reglulega eftir það. Er slík fræðsla og þjálfun hluti af innra eftirliti tilkynningarskyldra aðila. Mikilvægt er að sérhver starfsmaður hins tilkynningarskylda aðila sé meðvitaður um mögulegar hættur, þ.m.t. að þekkja hættumerki þegar metið er hvort viðskipti teljist vera grunsamleg, og hvernig beri að bregðast við í slíkum tilvikum. Lykillinn að því er að starfsmaður

---

TILKYNNINGARSKYLDUM AÐILUM ER SKYLT AÐ  
RANNSAKA ÖLL GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI OG  
KANNA BAKGRUNN OG TILGANG ÞEIRRA, AÐ  
ÞVÍ MARKI SEM UNNT ER.

---

þekki lögbundnar skyldur hins tilkynningarskylda aðila, m.a. um gerð áreiðanleikakönnunar viðskiptamanna, rannsóknarskyldu hans, hver sé tilnefndur ábyrgðarmaður, verkferla, o.fl.

#### **Opinbert eftirlit, vettvangskannanir, þvingunarúrræði og viðurlög**

Það er embætti ríkisskattstjóra sem hefur opinbert eftirlit með því að lögmenn, sem tilkynningarskyldir aðilar, uppfylli þær skyldur sem leiða má af peningaþvættislöggjöfni. Er lögmönnum skylt að láta ríkisskattstjóra án tafar í té allar þær upplýsingar og gögn sem krafist er. Eftirlitsaðili hefur heimild til þess að framkvæma vettvangskannanir hjá tilkynningarskyldum aðilum. Brot gegn ákvæðum laganna getur leitt til dagsekta og/eða stjórnvaldssekta, birtingu þeirra, brottvikningu æðstu stjórnenda eða afturköllun starfsleyfa, sbr. nánar í XII. kafla laganna.

Með hliðsjón af framangreindu er að mörgu að hyggja fyrir lögmenn við innleiðingu peningaþvættislöggjafar í rekstur sinn og kallar löggjöfin á breytt fyrirkomulag í daglegum störfum lögmanna með aukna áherslu á peningaþvætti. Hér að framan hafa verið raktar þær helstu skyldur sem löggjöfin leggur á herðar lögmanna, enda þótt ekki sé um tæmandi talningu að ræða. Nauðsynlegt er fyrir lögmenn að aðlaga starfsemi sína sem fyrst að framangreindu, hafi það ekki þegar verið gert. Hugsa þarf verkferla og annað fyrirkomulag upp á nýtt.

Til frekari upplýsingar má benda á námskeið sem haldið verður af hálfu Lögmannafélagsins hinn 10. október n.k., þar sem farið verður yfir helstu skyldur lögmanna samkvæmt peningaþvættislöggjöfni og innleiðingu hennar í rekstur lögmanna.

# UM RÉTT SAKBORNINGA TIL AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM SAKAREFNI ÁÐUR EN LÖGREGLUSKÝRSLA FER FRAM



SARA PÁLSDÓTTIR LÖGMAÐUR

MGR. 6. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLA  
EVRÓPU, LÖG NR. 62/1994 OG 70. GR.  
STJÓRNARSKRÁR ÍSLANDS, LÖG NR. 33/1944  
OG 28. GR. L. UM MEÐFERÐ SAKAMÁLA  
NR. 88/2008.

Undirrituð hefur orðið þess vör í störfum sínum sem verjandi að lögregla tregðast við að veita sakborningi fullnægjandi upplýsingar um sakarefni áður en skýrslutaka fer fram. Lætur lögregla iðulega við sitja að vísa í tiltekið hegningarlagaákvæði ásamt því að vísa í stað og stund, án þess að gera nánari grein fyrir eðli eða ástæðum þeirra ásakana sem viðkomandi situr undir.

Fullnægjandi upplýsingar um sakarefni áður en skýrsla er tekin af sakborningi geta skipt sköpum fyrir varnir sakbornings og framvindu sakamáls. Slíkar upplýsingar geta haft mikil áhrif á mat verjanda á því hvernig best sé að haga vörnum skjólstaðingsins, t.a.m. hvort sakborningur nýtir sér rétt sinn til að svara ekki spurningum.

Undirrituð hefur staðið frammi fyrir því, að tilgangur lögreglu með því að veita ófullnægjandi upplýsingar um sakarefni, virðist einmitt sá að koma í veg fyrir að sakborningur geti á fyrstu stigum rannsóknar, tekið ákvörðun um hvernig best sé að haga vörnum sínum. Undirrituð hefur einnig orðið þess áskynja að stundum séu sakborningar teknir í yfirheyrslur án þess að lögreglan viti yfirhöfuð hvað viðkomandi á að hafa gert, en uppi séu

þó ákveðnar grunsemdir um að viðkomandi sé viðriðinn tiltekið hegningarlagabrot. Virtist mér, í slíkum tilvikum, að lögreglunni hafi verið mikið í mun um að koma sér undan því að kynna sakarefnið með fullnægjandi hætti enda gæti slíkt opinberað hugsanlega „veiðiferð“ lögreglunnar og e.t.v. eyðilaggt hana.

Þegar undirrituð hefur krafist þess, fyrir hönd sakbornings, að fá fullnægjandi upplýsingar um sakarefni áður en skýrslutaka fer fram og haldið því fram að tilvísun í tiltekið hegningarlagaákvæði ásamt tilgreiningu um meintan stað og stund, fullnægi ekki lagakröfum, hefur lögreglan sakað undirritaða um að vera „miklum misskilningi haldin“ um hversu langt réttur sakbornings til að fá upplýsingar um sakarefni nær. Af þeim sökum kynnti undirrituð sér ítarlega þær reglur sem um þetta gilda en þær eru fortakslausar og skýrar og byggja á þeim mannréttindum sem felst í rétti til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944.

Í 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994 kemur orðrétt fram:

„Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái *án tafar*, á máli sem hann skilur, **vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök** þeirrar ákæru sem hann sætir.“

Til að taka af allan vafa um hvað þetta lagaákvæði þýðir kemur eftirfarandi fram í greinargerð með frumvarpi þess:



„Samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans er það **lágmarksréttur** sakbornings, að hann sé upplýstur á tilhlýðilegan hátt, á tungumáli, sem hann skilur, og í **smáatriðum um eðli og ástæður ásakanna** á hendur honum.“

Þannig er ljóst, þrátt fyrir óheppilegt orðalag a. liðar 3. mgr. 6. gr. mse þar sem vísað er í „ákæru“, að reglan á ekki aðeins við um mann sem sætir ákæru heldur einnig sakborninga sem sitja undir ásökunum. Orðalag greinargerðar er í meira samræmi við ensku útgáfu ákvæðisins þar sem vísað er í „accusations“. Samkvæmt þessu og í samræmi við 27. gr. laga um meðferð sakamála, verður þessi réttur sakbornings virkur um leið og ásakanir eru komnar fram á hendur honum, um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða um leið og grunsemdir lögreglu um refsiverða háttsemi vakna. Ekki er því skilyrði að viðkomandi hafi verið ákærður, líkt og orðalag a. liðarins gæti gefið til kynna.

Samkvæmt þessu er það **lágmarksréttur** sakbornings, að fá upplýsingar í **smáatriðum** um bæði **eðli** og **ástæður ásakanna** á hendur honum og að sakborningur fái notið þessa réttar er eitt af frumskilyrðum þess að tryggja réttláta málsmeðferð, sjá dóm MDE í máli Pélissier og Sassi gegn Frakklandi, mgr. 52.

En hvað felst nákvæmlega í þessu? Orðalagið „í smáatriðum um eðli og ástæður“ gefur sterklega til kynna að þarna séu gerðar ríkar kröfur til þess að sakborningur fái tiltölulega nákvæmar upplýsingar um þá refsiverðu háttsemi sem hann á að hafa sýnt af sér.

Mannréttindadómstóll Evrópu túlkar lagaákvæðið sem svo að sakborningur eigi rétt á að fá upplýsingar um ástæður (cause) ásakanna á hendur honum, þ.e. þá háttsemi sem hann á að hafa viðhaft og á hverju ásakanarnir byggjast. Í þessu felst veiting upplýsinga um þær meintu staðreyndir málsins sem ásakanir eigi að byggjast á. Þar að auki eigi sakborningur rétt á að fá upplýsingar um „eðli“ (nature) ásakanna á hendur sér, þ.e. undir hvaða lagaákvæði hin meinta refsiverða háttsemi eigi að falla, sjá dóm MDE í máli Mattocia gegn Ítalíu, mgr. 59.

Sem dæmi má nefna að sakborningur telst hafa fengið upplýsingar um sakarefni í smáatriðum þegar hinni meintu refsiverðu háttsemi sem hann er grunaður um að hafa viðhaft, er lýst, staður og tímasetning hinnar refsiverðu háttsemi er tilgreind, vísað er í ákveðið hegningarlagaákvæði

---

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU TÚLKAR LAGAÁKVÆÐIÐ SEM SVO AÐ SAKBORNINGUR EIGI RÉTT Á AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM ÁSTÆÐUR (CAUSE) ÁSAKANA Á HENDUR HONUM, Þ.E. ÞÁ HÁTTSEMI SEM HANN Á AÐ Hafa Viðhaft OG Á HVERJU ÁSAKANARNIR BYGGJAST.

---

auk þess sem nafn brotþola er tilgreint þegar það á við, sbr. dómur MDE í máli Brozicek gegn Ítalíu, mgr. 42.

Í framkvæmd virðist misbrestur á, að lögregla fullnægi kröfum laga þegar upplýsingar um sakarefni eru veittar áður en skýrsla er tekin af sakborningi. Það að vísa í tiltekið hegningarlagaákvæði getur ekki fullnægt kröfum laga um að sakborningur sé upplýstur á tilhlýðilegan hátt, og í smáatriðum um eðli og ástæður ásakanna á hendur honum. Sakborningur á þennan rétt, og hann er skýlaus, líka að því leyti að hann á rétt á að fá þessar upplýsingar áður en skýrsla er tekin af honum, sbr. 28. gr. sml.

Fái sakborningur ekki þessar upplýsingar er vegið með ólögmetum hætti að réttindum hans til að verja sig og þar með að rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar. Tilgangur þessarar reglu er einmitt sá að sakborningur geti undirbúið varnir sínar með fullnægjandi hætti.

Þegar þær upplýsingar hafa verið veittar, á sakborningur rétt á að ráðfæra sig við verjanda sinn í trúnaði.

---

LANDSLÖG

LOGOS

Reykjavík · London

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

### Jón Bjarni Kristjánsson

Kr. St. Lögmannsstofa ehf., Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík  
Sími: 551-6412

### Jóhannes Stefán Ólafsson

IMPACT lögmennt, Garðastræti 36, 101 Reykjavík, Sími: 546-2505

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Sveinbjörn Claessen

Landslög slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 520-2926

### Guðbrandur Jóhannesson

Lögmenn Sundagörðum, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, Sími: 527-7788

### Árni Helgason

JÁS lögmenn, Skólavörðustíg 3, 2. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 561-5700

### Sævar Þór Jónsson

LÖGMANNSSTOFAN SÆVAR ÞÓR & PARTNERS, Köllunarklettsvegur 2, 104 Reykjavík, Sími: 537-9800

### Dagmar Arnardóttir

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2600

### Guðmundur Siemsen

Advel lögmenn slf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

### Andrés Már Magnússon

Prima lögmenn, Strandgötu 37, 600 Akureyri, Sími: 461-2098

### Kristín Ólafsdóttir

Lögmenn Höfðabakka ehf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, Sími: 587-1286

### Bjarni Aðalgeirsson

Juris slf., Borgartúni 26, 6. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 580-4400

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

### Helga Guðmundsdóttir

Van Bael & Bellis, 166 Chausse de la Hulpe, 1170 Brussels, Belgia

### Júlíana Guðmundsdóttir

Þjónustuskrifstofa FFSS, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 5956168

### Peter Dalmay

Mörkin lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Sími: 414-4100

### Þorbjörn Þórðarson

LPR lögmannsstofa, Lágmúla 7, 108 Reykjavík, Sími: 516-4000

### Sigvaldi Fannar Jónsson

BBA, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 550-0500

### Margrét Ágústa Sigurðardóttir

PWC, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Sími: 840-5370

### Anna Kristín Kristjánsdóttir

Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími: 444-7000

### Stefán Ragnarsson

SR Legal slf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík, Sími: 822-1925

### Birna Ósk Bjarnadóttir

Fulltingi, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, Sími: 5332050

## ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI,

### Hjalti Geir Erlendsson

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2600

### Lára Helga Sveinsdóttir

Indigo IP, Grundarstíg 23, 101 Reykjavík, Sími: 691-1185

### Gísli Óskarsson

Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 441-1406

## NÝR VINNUSTADUR

### Gísli Kr. Björnsson

Eignarhaldsfélagið Breiðan ehf., Grensásvegur 50, 3. hæð, 108 Reykjavík, Sími: 659-0936

### Jóhann Fannar Guðjónsson

AX lögmannsstofa, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, Sími: 571-5044

### Páll Bergþórsson

Lögmenn Borgartúni, Krókhálsi 5, 110 Reykjavík, Sími: 616-1222

### Árni Þórólfur Árnason

Libra lögmenn, Tjarnargötu 36, 101 Reykjavík, Sími: 551-1352

### Ragnar Guðmundsson

Advel lögmenn slf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

### Svanhildur Anna Magnúsdóttir

Advel lögmenn slf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

### Hallmundur Albertsson

Vík lögmannsstofa, Laugavegi 77, 101 Reykjavík, Sími: 892-6064

### Aníta Óðinsdóttir

A Lögmenn ehf., Vesturvegi 10, 900 Vestamanneyjum, Sími: 481-1755

### Hörður Guðmundsson

HG lögmenn, Bíldalshöfða 14, 110 Reykjavík, Sími: 558-1900

### Helgi Jóhannesson

Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, Sími: 515-9000

### Ólafur Lúther Einarsson

Novum lögfræðisþjónusta ehf., Grundarhvarfi 21, 203 Kópavogur, Sími: 588-7757

### Jónas Örn Jónsson

JÓNASSON LÖGMANNSSTOFA, Grófin 1, 101 Reykjavík, Sími: 527-1180

### Helga Baldvins Bjargadóttir

HelgaBaldvins slf., Krínglunni 4-6, 8. Hæð, 103 Reykjavík, Sími: 693-3588

### Bjarki Már Baxter

Málþing ehf., Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, Sími: 561-8200

### Sigríður Vilhjálmsdóttir

#### Gísli Óskarsson

Embætti Borgarlögmanns, Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík, Sími: 411-4100

### Trausti Ágúst Hermannsson

Málþing, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, Sími: 561-8200

### Ásgeir Helgi Reykþjörð Gylfason

Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími: 444-7000

### Gunnar Þór Þórarinnsson

BBA Fjeldco, Berkley square House, W1J 6B D London, Bretlandi, Sími: +447595057460

**Anna Björg Guðjónsdóttir**  
**Antoine Lochet**  
**Ásgeir Árni Ragnarsson**  
**Baldvin Björn Haraldsson**  
**Bjarney Anna Bjarnadóttir**  
**Einar Baldvin Árnason**  
**Einar Brynjarsson**  
**Erlendur Halldór Durante**  
**Hafliði Kristján Lárusson**  
**Halldór Karl Halldórsson**  
**Kári Ólafsson**  
**Sara Rut Sigurjónsdóttir**  
**Sigvaldi Fannar Jónsson**  
**Stefán Björn Stefánsson**  
**Stefán Reykjalin**  
**Þórir Júlíusson**  
**Tómas Magnús Þórhallsson**

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 550-0510

**Bjarki Þór Sveinsson**  
**Daníel Isebarn Ágústsson**  
**Diljá Catherine Þiðriksdóttir**  
**Einar Farestsveit**  
**Flóki Ásgeirsson**  
**Gunnar Ingi Jóhannsson**  
**Jörgen Már Ágústsson**  
**Kristín Ólafsdóttir**  
**Páll Rúnar M. Kristjánsson**  
**Unnur Ásta Bergsteinsdóttir**  
**Þórður Bogason**

Magna Lögmenn, Höfðabakka 9, 6. hæð, 110 Reykjavík, Sími: 571-5400

## NÝTT AÐSETUR

**Porgeir Þorgeirsson**

Lögmenn Borgartúni, Krókhálsi 5, 110 Reykjavík, Sími: 630-5050

**Ásgeir Björnsson**

Ægisíðu 66, 107 Reykjavík, Sími: 821-9218

**Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir**

Inceptum lögmennstofa, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi, Sími: 571-6000

**Karl Georg Sigurbjörnsson**

Lögmennsþjónusta KGS, Grófin 1, 2. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 699-3030

**Sævar Þór Jónsson**

**Lárus Sigurður Lárusson**

LÖGMANNSSTOFAN SÆVAR ÞÓR & PARTNERS, Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík, Sími: 537-9800

**Júlí Ósk Antonsdóttir**

Lögmenn Norðurlandi, Hafnarstræti 94, 2. hæð, 600 Akureyri, Sími: 422-2800

**Ólafur Lúther Einarsson**

Novum lögræðiþjónusta, Suðurlandsbraut 22, 2. hæð, 108 Reykjavík, Sími: 865-3222

**Flozi Hrafn Sigurðsson**

OPUS lögmenn ehf., Borgarbraut 61, 2. hæð, 310 Borgarnesi, Sími: 415-2200

**Lilja Borg Ágústsdóttir**

OPUS lögmenn, Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi, Sími: 415-2200

**Jón M. Bergsson,**

Ármúla 21, 108 Reykjavík, Sími: 777-1215

**Reynir Þór Garðarsson**

**Jón Páll Hilmarsson**

Pacta lögmenn, Austurvegi 4, 800 Selfoss, Sími: 440-7900

**Heiðar Örn Stefánsson**

Lögmennstofa Heiðars Arnar ehf., Laugavegi 77, 101 Reykjavík, Sími: 863-7913

**Skráning á grundvelli reglugerðar nr. 241/2018**

Andri Andrason hdl.  
Andri Árnason hrl.  
Bjarni Aðalgeirsson hdl.  
Edda Andradóttir hrl., LL.M.  
Finnur Magnússon hrl., LL.M.  
Halldór Jónsson hrl.  
Lárus L. Blöndal hrl.  
Sigurbjörn Magnússon hrl.  
Simon David Knight  
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.  
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

**juris**

Borgartúni 26  
IS 105 Reykjavík  
+354 580 4400  
www.juris.is



# Draumur og veruleiki.

Bylting hefur átt sér stað í bílaheiminum. Markmiði Porsche um að smíða 100% rafmagnsbíl sem væri betri, en þeir sem fyrir eru, hefur verið náð. Tækni sem áður var talin draumsýn er orðin að veruleika; Taycan.

Komdu í Porsche-salinn, forpantaðu Taycan og láttu þinn draum verða að veruleika.

Porsche Taycan



PORSCHE

Bilchúð  
**Benna**

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 18:00 og um laugardaga frá 12:00 til 16:00